



„I don't know how I ended up here with this man“

Rannsókn á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvænnaathvarfið

Hildur Guðmundsdóttir

Samtök um kvænnaathvarf
Október 2009

Kærar þakkir

**til kvennanna sem veittu okkur innsýn í líf sitt og
aðstæður**

og

**til félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem gerði
okkur kleift að deila reynslu þeirra með öðrum**



**FÉLAGS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Formáli

Rannsóknin tekur á málefnum fámenns hóps í íslensku samfélagi því aðeins lítill hópur kvenna af erlendum uppruna leitar í Kvennaathvarfið vegna ofbeldisfulls maka. Flestar búa við eðlilegt heimilislíf eins og mikill meirihluti þjóðarinnar. Þær eru hamingjusamlega giftar hvort heldur er samlöndum sínum eða körlum af öðrum uppruna, þar með talið Íslendingum. Því skal tekið fram að hér er ekki ætlunin að vega að ímynd blandaðra hjónabanda almennt, heldur er sjónum einungis beint að frávíkunum.

Til allar hamingju er heimurinn fullur af frambærilegum körlum en í stórum hópi leynast nokkrir svartir sauðir. Ákveðinn hópur karlmannna beitir kynbundnu ofbeldi. Umræðan snýst óhjákvæmilega um þennan hóp karla þegar fjallað er um ofbeldi gegn konum en hafa skal í huga að hún beinist ekki gegn öllum karlmönnum.

Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar er að veita innsýn í líf og aðstæður kvenna af erlendum uppruna sem búa á Íslandi og komu til dvalar í Kvennaathvarfinu í Reykjavík á tímabilinu 1. október 2007 til 1. júní 2009.

Rannsóknin sýnir að mikill munur er á aðstöðu og upplifun erlendra kvenna sem leita í Kvennaathvarfið eftir landfræðilegum uppruna vegna reglugerðar um frjálst flæði vinnuafis innan EES. Staða þeirra sem koma frá löndum innan EES er mun auðveldari en hinna. Í sumum tilvikum eru konur frá löndum utan EES háðar maka varðandi dvalarleyfi í landinu, sem gerir þær berskjaldaðri fyrir ofbeldi eiginmanna sinna. Ókunnugleiki og tungumálaerfiðleikar auðvelda misnotkun og geta stuðlað að einangrun. Vitað er til þess að fleiri en ein erlend kona hafa komið vegna sama manns og svo virðist sem einstaka ofbeldismenn velji kerfisbundið konur frá löndum utan EES og telji þær auðveldari fórnarlömb ofbeldis vegna stöðu þeirra í íslensku samfélagi.

Konurnar eru að mestu leyti ánægðar með þjónustu þeirra aðila sem þær þurfa að leita til hér á landi. Einna verst finnst þeim bið eftir afgreiðslu mála sinna á meðan þær bíða úrræðalausar í Kvennaathvarfinu. Tilfinningalegt álag og þreyta leggst þungt á konurnar í rannsókninni ásamt áhyggjum af framtíðinni. Þær eru tilbúnar að leggja mikið á sig barnanna vegna, jafnvel snúa aftur heim til ofbeldismannsins.

Mikið álag er á börnin. Meðan mæðurnar vinna langan og strangan vinnudag eru yngri börnin í dagvistun en þau eldri þurfa oft að bera ábyrgð á sér sjálf. Börnin lenda í því hlutverki að verða milliliðir milli mæðranna og íslensks samfélags. Í því hlutverki taka þau ábyrgð sem engin börn ættu að þurfa að axla.

Abstract

The main objective of this research project is to cast a light onto the life of those women of foreign origin, living in Iceland, who have sought assistance in the Reykjavík Womens Shelter between the 1st of October 2007 until 1st of June 2009.

The findings of this research show legal status and experiences to be markedly different depending on the women's geographical origin, because of European Union regulations regarding free movement of labour within the Union and its affiliate states of Norway and Iceland (European Economic Area). The position of those originating within the EEA area is considerably better than of those from outside the EEA. Visas for those from outside the EEA are in some cases dependent on their husbands, making them more vulnerable to violence. Ignorance and language barriers breed misuse and sometimes isolation. More than one foreign woman has been shown to seek refuge from the same man, and some men seem to systematically pick women from outside the EEA as their poor legal position makes them easier victims for their violence.

The women participating in this research are by large satisfied with the services of those in charge with their matters in Iceland. Most negative is the wait for final decisions in their cases while they dwell helpless in the Shelter. Emotional stress and fatigue weigh heavily on the women along with grave concerns about the future. They are ready to endure much hardship for their children, even return to their violent husbands.

The children are under great duress. The younger ones stay extensively in daycare while the older ones must often fend for themselves while their mothers work long hours in difficult and poorly paid jobs. Often the children are burdened with a position as interpreter and intermediary between their mothers and Icelandic society. This places responsibility on their shoulders beyond what should be expected of such young individuals and exposes them to knowledge they should be spared witnessing.

Efnisyfirlit

FORMÁLI	2
ÚTDRÁTTUR	3
ABSTRACT	4
INNGANGUR	7
1. RANNSÓKNIN	8
1.1 Aðferðafræði	9
1.2 Uppbygging skýrslunnar	10
2. SKILGREINING KYNBUNDINS OFBELDIS	12
2.1 Birtingarmyndir kynbundins ofbeldis	14
2.2 Skilgreining á ofbeldi gegn börnum og unglingum	18
2.3 Konurnar sem fjallað er um	21
3. NIÐURSTÖÐUR – FYRRI HLUTI	22
3.1 Hópur A – Konur frá löndum innan EES	22
3.1.1 Konurnar	22
3.1.2 Bakgrunnur ofbeldismannanna	23
3.1.3 Ofbeldið	24
3.1.4 Börnin	25
3.1.5 Dvalar- og atvinnuleyfi	26
3.1.6 Félagsleg tengsl	26
3.1.7 Tungumálakunnátta	26
3.2 Hópur B – Konur frá löndum utan EES	28
3.2.1 Konurnar	31
3.2.2 Bakgrunnur ofbeldismannanna	31
3.2.3 Ofbeldið	32
3.2.4 Börnin	34
3.2.5 Dvalar- og atvinnuleyfi	34
3.2.6 Félagsleg tengsl	35
3.2.7 Tungumálakunnátta	36
3.3 Hópur C – Konur giftar Íslendingum	37
3.3.1 Konurnar	37
3.3.2 Bakgrunnur ofbeldismannanna	37
3.3.3 Ofbeldið	37
3.3.4 Börnin	41
3.3.5 Dvalar- og atvinnuleyfi	42
3.3.6 Félagsleg tengsl	42
3.3.7 Tungumálakunnátta	43
4. NIÐURSTÖÐUR – ANNAR HLUTI	44
4.1 Vinna og húsnæði	44
4.2 Samskipti við opinbera aðila og aðrar stofnanir	45

4.2.1	Alþjóðahús.....	45
4.2.2	Félagsþjónustan.....	46
4.2.3	Fjármálastofnanir	46
4.2.4	Lögreglan.....	46
4.2.5	Neyðarmóttaka.....	47
4.2.6	Rauði kross Íslands	47
4.2.7	Sýslumannsembættið.....	48
4.2.8	Útlendingastofnun.....	48
4.3	Álag.....	49
4.3.1	Tilfinningalegt álag	49
4.3.2	Bjargarleysi.....	50
4.3.3	Einstæðingsskapur	51
4.3.4	Bið.....	51
4.3.5	Vinnuálag	52
4.3.6	Álag vegna barna	52
4.3.7	Fjárhagslegt álag	52
4.3.8	Börnin.....	53
4.3.9	Forsjá barna	54
4.3.10	Brotnar brýr.....	54
5.	SAMANBURÐUR OG SAMANTEKT	56
6.	HVAÐ MÁ BÆTA OG HVERJU ER HÆGT AÐ BREYTA?	64
7.	LOKAORÐ.....	67
	HEIMILDASKRÁ.....	68

Inngangur

Íslenskt samfélag hefur breyst mikið á undanförunum árum. Efnahagsleg velmegun og hnattvæðing hefur orðið til þess að fjöldi fólks af erlendu bergi brotinn hefur flust til Íslands í leit að vinnu og/eða sem makar Íslendinga og annarra sem hér búa. Starfsemi Kvennaathvarfsins fer ekki varhluta af þessum breytingum á samfélaginu þar sem konur af erlendum uppruna nýta sér þjónustu þess í auknum mæli. Árið 2008 átti nær helmingur dvalarkvenna rætur að rekja til annarra landa.

Ofbeldi gegn konum viðgengst í öllum samfélögum og er Ísland þar ekki undanskilið. Þar er ekki farið í manngreinaralit og uppruni hefur ekkert að segja. Hins vegar má benda á að konur af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið vegna kynbundins ofbeldis eru oft í erfiðri stöðu. Þær hafa flutt í nýtt samfélag og þurfa að fóta sig þar, í mörgum tilvikum tjá sig á öðru tungumáli en sínu eigin og aðlagast nýjum siðum og háttum. Aðstæður, líf og upplifun erlendra dvalarkvenna hafa snert við starfskonum Kvennaathvarfsins sem töldu þarft að vekja athygli samfélagsins á stöðu kvennanna og þeim erfiðleikum sem þær glíma við vegna ofbeldis maka sinna.

Fáar eða engar rannsóknir hafa verið gerðar á aðstæðum erlendra kvenna sem búa við ofbeldi hér á landi. Ákvörðun var tekin í Kvennaathvarfinu um að bæta þar úr og fékkst styrkur til verkefnisins úr Þróunarsjóði innflytjendamála á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins og viljum við nota tækifærið til að þakka ráðuneytinu kærlega fyrir. Hildur Guðmundsdóttir, mannfræðingur og vaktstýra Kvennaathvarfsins, sá um framkvæmd rannsóknarinnar. Gagnasöfnun, úrvinnsla gagna og skráning niðurstaðna var að mestu leyti unnin í júní 2009. Rannsóknin er grunnrannsókn sem ætlað er að varpa ljósi á aðstæður og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið. Ljóst er að efnið býður upp á dýpri og frekari rannsóknir sem vonandi eiga eftir að líta dagsins ljós og leiða til aukins skilnings og hugsanlega breytinga til batnaðar, ekki aðeins fyrir erlendar konur heldur allar konur sem búa við ofbeldi hér á landi.

1. Rannsóknin

Rannsóknin var að mestu unnin í júní 2009. Á þeim tíma var gagnagrunnur byggður upp og niðurstöður unnar úr gögnum.

Segja má að markmið þessarar rannsóknar sé þríþætt. Megintilgangur hennar er að veita innsýn í líf og aðstæður kvenna af erlendum uppruna sem búa á Íslandi og komu til dvalar í Kvennaathvarfinu í Reykjavík á tímabilinu 1. október 2007 til 1. júní 2009. Með gerð hennar er einnig vonast til að grunnur sé lagður að frekari rannsóknum á efninu og að hún geri kleift að bera saman aðstæður erlendra kvenna giftar íslenskum körlum hér á landi við sambærilegar rannsóknir í Danmörku og Noregi.

Við úrvinnslu rannsóknargagna var tekið mið af tveimur norrænum rannsóknum sem unnar voru upp úr gögnum sem safnað var í kvennaathvörfum þarlendis. Sú fyrri var gerð í Noregi árið 2002 og nefnist *Drømmen om det gode liv: en rapport om utenlandske kvinner, gift med norske menn, som måtte søke tilflukt på krisesentrene i 2001*. Þær Tove Smaadahl, Helene Hernes og Liv Langberg sáu um gerð skýrslunnar fyrir hönd kvennaathvarfa í Noregi. Ári seinna, 2003, gaf LOKK (Landsorganisation af kvindekrisecentre) út niðurstöður úr sambærilegri rannsókn í Danmörku, *When dreams and hopes turn into nightmares: A report on violence committed by Danish men against foreign women and children*. Eins og sést einkorðast viðfangsefni þessara skýrslna við erlendar konur sem giftar eru þarlendum mönnum.

Rannsóknin sem hér er kynnt er víðari. Hún nær til allra kvenna af erlendum uppruna sem leituðu í Kvennaathvarfið í Reykjavík á ákveðnu tímabili. Það tímabil ákvarðast af upphafi starfstíma rannsakanda og þar til rannsóknarvinna hófst. Til að eiga sambærilega rannsókn og nágrannaríki okkar var sú lausn fundin að skipta konunum upp í hópa eins og nánar verður gerð grein fyrir síðar. Einn hópurinn samanstendur af konum sem giftar eru Íslendingum.

Í stuttu máli er niðurstaða þessara tveggja norrænu rannsókna sú að danskir og norskir eiginmenn erlendu kvennanna misnoti sér valdaleysi þeirra í nýjum samfélögum. Karlarnir hóta þeim skilnaði og brottrekstri úr landi, en þar styðjast ofbeldismennirnir við lagagreinar í útflendingalögum. Í nokkrum tilvikum hefur sami karl beitt fleiri en eina konu ofbeldi í sambúð. Konurnar upplifa ofbeldi af öllu tagi,

eru lokaðar inni, sæta andlegu, líkamlegu og grófu kynferðislegu ofbeldi. Börn sumra þeirra hafa einnig verið fórnarlömb sambærilegs ofbeldis. Nokkuð algengt virðist að mennirnir finni konur á spjallsíðum á Netinu eða í gegnum hjónabandsmiðlara.

Niðurstöður rannsóknarinnar sem hér er kynnt samræmast þeim sem fram koma í þessum tveimur norrænu rannsóknum. Þær sýna að aðstæður og upplifun kvenna af erlendum uppruna eru svipaðar hvort heldur þær eru giftar dönskum, norskum eða íslenskum mönnum í heimalandi þeirra.

1.1 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir á hefðbundinni vettvangsrannsókn þar sem rannsakandi vinnur í Kvennaathvarfinu og er því beinn þátttakandi í lífi þeirra kvenna sem hér er fjallað um. Auk þeirra samskipta útbjó rannsakandi gagnagrunn upp úr komuskýrslum Kvennaathvarfsins ásamt dagbókarfærslum um hverja konu á meðan á dvöl hennar stóð. Þar eru skráðar upplýsingar sem fengist hafa í viðtölum við konur, sagt frá samskiptum starfskvenna Kvennaathvarfsins við dvalarkonur, fjallað um aðstoð sem konur fá, ásamt daglegu lífi þeirra innan sem utan veggja Kvennaathvarfsins. Rannsóknin og niðurstöður hennar byggja því eingöngu á frásögnum kvennanna ásamt lýsingum þeirra sjálfra á aðstæðum sínum. Rannsakandi notar aðferðafræði eigindlegra og megindlegra rannsóknaraðferða til að koma aðstæðum og upplifun kvennanna á framfæri.

Aðkomu rannsakanda og starfskvenna má ekki vanmeta en þær skrá upplýsingar og sú skráning mótast af þeirra upplifun, reynslu og lífsviðhorfum, hvað og hvernig þær heyra sögu kvennanna og hvað þeim finnst markverðast í samskiptum sínum við dvalarkonur kemur fram í rannsóknargögnum. Hlutverk rannsakanda er síðan að velja úr þessum upplýsingum og setja þær fram.

Vankantar rannsóknarinnar eru nokkrir. Unnið var úr fyrirliggjandi rannsóknargögnum en þeim ekki safnað í því skyni að nýta þau til rannsóknar af þessu tagi. Því eru upplýsingar um konurnar hvorki staðlaðar né alltaf sambærilegar og oft á tíðum ónógar. Tungumálaerfiðleikar lituðu samskipti við sumar konurnar, sem takmarkaði tjáskipti.

Erfitt er að vinna rannsókn af þessu tagi í svo litlu samfélagi sem Ísland er þar sem hætta er á að lesendur þekki aðstæður einhverra sem fjallað er um. Til að koma í veg fyrir slíkt eru upplýsingar takmarkaðar, uppruni kvenna til dæmis einungis rakinn

til heimsálfa eða landfræðilegra svæða. Í sama tilgangi hafa upplifanir margra kvenna verið sameinaðar í reynslusögurnar sem lesa má í skýrslunni.

Eins og gefur að skilja hefur smæð samfélagsins áhrif á stærð úrtaksins. Rannsóknin náði til allra kvenna af erlendum uppruna sem dvöldu í Kvennaathvarfinu á ákveðnu tímabili, meðal annars til þess að ná ákveðinni stærðargráðu. Sá hópur hefur hins vegar fjölbreytilegan bakgrunn sem torveldaði og flækti úrvinnslu rannsóknarniðurstaðna.

Síðast en ekki síst þarf að taka fram að rannsóknina varð að vinna innan ákveðins tímaramma, sem takmarkar umfang hennar og dýpt.

1.2 Uppbygging skýrslunnar

Niðurstöður rannsóknarinnar eru settar fram í tveimur köflum. Fyrri kaflinn byggir á megindlegum og almennum upplýsingum um konurnar ásamt reynslusögum af upplifun þeirra. Sú umfjöllun skiptist eftir hópum A, B og C. Hópur A samanstendur af konum sem koma frá löndum innan EES en í hóp B flokkast konur sem koma frá löndum utan EES. Þriðji og síðasti hópurinn, hópur C, greinir frá konum sem eiga maka fædda á Íslandi. Konurnar sem eru giftar íslenskum körlum eru í tveimur hópum, annað hvort A eða B og sameinast síðan í C. Margbreytilegur bakgrunnur og ólíkar aðstæður kvennanna er ástæða þessarar skiptingar. Rannsóknargögn sýna að uppruni hefur afgerandi áhrif á stöðu þeirra hér á landi, en réttindi kvenna frá löndum innan EES eru allt önnur en erlendra kynsystra þeirra annars staðar frá. Því lá beint fyrir að skipta konum í hópa eftir uppruna (hópar A og B).

Aðrar forsendur liggja að baki hvað varðar hóp C. Rannsóknir hafa verið gerðar bæði í Danmörku og Noregi, eins og gerð er grein fyrir hér framar, á aðstæðum kvenna af erlendum uppruna giftum þarlandum körlum sem hafa leitað í kvennaathvörf í þessum löndum. Konurnar í hópi C gera kleift að bera saman aðstæður sambærilegs hóps hér á landi við þessar norrænu rannsóknir.

Seinni kaflinn segir frá upplifun og aðstæðum kvennanna eins og hún kemur fram í rannsóknargögnum og byggir á eigindlegri aðferðafræði.¹ Hún nýtist vel til að rýna í gögnin og finna þau þemu sem mest ber á í lífi kvennanna á meðan þær dvelja í

¹ Þeir sem vilja kynna sér nánar aðferðafræði eigindlegra rannsóknaraðferða er til dæmis bent á bók eftir Bogdan R. og S. K. Biklen – *Qualitative Research for Education: an Introduction to Theories and Methods*.

Kvennaathvarfinu. Aðferðin er notuð til að skoða aðstöðu þeirra í íslensku samfélagi, svo sem samskipti við opinberar stofnanir og aðra þjónustuaðila en einnig til að veita innsýn í upplifun þeirra sem kvenna af erlendum uppruna í Kvennaathvarfinu á Íslandi.

Samanburður og samantekt fylgir í kjölfar niðurstaðna. Þar eru helstu niðurstöður settar fram í stiklum og hóparnir bornir saman að einhverju leyti. Lesendum er þó að mestu eftirlátið að túlka niðurstöður. Í framhaldi eru kynntar nokkrar hugmyndir varðandi aðgerðir sem gætu hugsanlega bætt aðstæður kvenna af erlendum uppruna sem búa við kynbundið ofbeldi. Lokaorð slá síðan botninn í umræðuna.

Áður en niðurstöður verða kunngerðar er gagnlegt að setja fram skilgreiningu á því ofbeldi sem hér er til umfjöllunar. Þar er annars vegar stuðst við skilgreiningu LOKK á kynbundnu ofbeldi (2003). Hins vegar er vísað í bækling sem Samtök um kvennaathvarf gefa út og ber nafnið *Börn sem búa við ofbeldi*. Þessar heimildir eru notaðar með smávægilegum breytingum.

2. Skilgreining kynbundins ofbeldis

Sameinuðu þjóðirnar skilgreina kynbundið ofbeldi á eftirfarandi hátt í yfirlýsingu nr. 48/104 (*Yfirlýsing um afnám ofbeldis gegn konum frá 85. allsherjarfundinum 20. desember 1993 og útfærð frekar með aðgerðaáætluninni á Pekingráðstefnunni árið 1995*). (Tekið úr LOKK, 2003)

112. atriði

Ofbeldi gegn konum stendur í vegi fyrir því að hægt sé að ná fram markmiðum um jafnrétti, þróun og frið. Ofbeldi gegn konum bæði brýtur gegn og skerðir eða hefur að engu rétt kvenna til að njóta mannréttinda og grundvallarfrelsis. Langvarandi vanefnd við að vernda og stuðla að þessum réttindum og frelsi í tilfalli ofbeldis gegn konum er áhyggjuefni fyrir öll ríki og þarf að taka á. Þekking á ástæðum þess og afleiðingum, svo og birtingarmyndum þess og ráðstafanir til að berjast gegn því, hafa aukist mikið síðan Nairobi-ráðstefnan var haldin. Í öllum þjóðfélögum, í meira eða minna mæli, eru konur og stúlkur beittar líkamlegri, kynferðislegri og andlegri misnotkun óháð efnahag, þjóðfélagsstétt eða menningu. Vera kann að bág félagsleg og efnahagsleg staða kvenna sé bæði ástæða og afleiðing ofbeldis gegn konum.

113. atriði

Ofbeldi gegn konum merkir sérhvert kynbundið ofbeldi sem veldur, eða er líklegt til að valda konum líkamlegum, kynferðislegum eða andlegum skaða eða þjáningu, þar með talið hótanir um slíkt ofbeldi, valdbeiting eða gerræðisleg frelsissvipting, hvort sem það á sér stað á almennum vettvangi eða í einkalífinu. Þannig tekur ofbeldi gegn konum til, en er ekki takmarkað við, eftirfarandi: Líkamlegt, kynferðislegt og andlegt ofbeldi sem á sér stað innan fjölskyldunnar, þar með barsmíðar, kynferðisleg misnotkun stúlkubarna á heimilinu, ofbeldi tengt heimanmundi, nauðgun innan hjónabands, limlesting kynfæra kvenna og aðrar hefðbundnar aðgerðir sem eru skaðlegar konum, ofbeldi utan hjónabands og ofbeldi tengt misbeitingu.

Líkamlegt, kynferðislegt og andlegt ofbeldi sem á sér stað í samfélaginu almennt, þar með talið nauðgun, kynferðisleg misnotkun, kynferðisleg áreitni og þvinganir á vinnustað, í skóla og annars staðar, mansal og þvingað vændi.

Líkamlegt, kynferðislegt og andlegt ofbeldi sem framið er eða látið viðgangast í ríki hvar sem það á sér stað.

114. atriði

Aðrar gjörðir ofbeldis gegn konum eru meðal annars að brjóta gegn mannréttindum á stríðstímum, einkum morð, kerfisbundnar nauðganir, kynferðislegt þrælahald og þvingun til þungunar.

115. atriði

Ofbeldi gegn konum felst einnig í þvinguðum ófrjósemisaðgerðum og þvinguðum fóstureyðingum, þvingaðri/tilneyddri notkun getnaðarvarna, stúlknaðráp og kynbundið val fyrir fæðingu.

2.1 Birtingarmyndir kynbundins ofbeldis

Ofbeldið getur tekið á sig ýmsar myndir þar sem samnefnarinn er ávallt stjórn eða valdamismunun og ójafnrétti milli kynjanna (Tekið úr LOKK, 2003).

Líkamlegt ofbeldi: Getur meðal annars falist í að slá, sparka, toga í hár, halda fast, hrista, bíta, klípa, hóta með vopnum, kyrkja, kæfa, brenna, læsa inni, limlesta, reyna að drepa, halda vakandi, loka inni.

Kynferðislegt ofbeldi: Getur verið að neyða konu til samræðis, kynferðislegra athafna sem hún vill ekki, til dæmis að eiga mök við vini sína, hópkylníf, vændi, nauðgun.

Andlegt ofbeldi: Hefur margþættar birtingarmyndir og er hægt að skipta niður í undirflokka. Oft getur verið erfitt að afla gagna um andlegt ofbeldi þar sem sjaldan eru vitni að því:

- **Einangrun:** Stjórna hvern konan má hitta og umgangast, þar með talið hennar eigin fjölskyldu, við hvern hún talar í símann og hvað hún má gera, takmarka tækifæri hennar til athafna, hegðun sem sýnir afar mikla afbrýðisemi og stjórnsemi með því að elta hana alls staðar, sækja hana alltaf eftir vinnu/skóla, spyrja hana í smáatriðum með hverjum hún hafi verið, talað við eða jafnvel séð á leið sinni.
- **Tilfinningalegt ofbeldi:** Markmiðið með því er að grafa undan sjálfsáliti konunnar, láta hana finnast hún vera lítil og vond manneskja. Það er gert meðal annars með því að vanrækja hana, hunsa kerfisbundið, fara sífellt á bak við samninga og loforð, þögn, yfirlæti, eða getur verið niðrandi og auðmýkjandi hegðun með því að vera stöðugt að öskra, gagnrýna, segja hana ljóta, heimska, til einskis nýta, lélega móður, hóru o.s.frv. stundum fyrir framan börnin.
- **Ofbeldi eða hótanir með orðum:** Beinar eða óbeinar hótanir, svo sem hótun um af fremja sjálfsmorð, henda henni út, fara frá henni, beita hana og/eða börnin ofbeldi, drepa hana og/eða börnin, ræna börnunum, klaga hana til yfirvalda, fremja glæpi.
- **Dulið ofbeldi:** Andlegt ofbeldi þar sem fórnarlambið upplifir sig stöðugt í hættu eða verður fyrir hörkulegum árásum er einnig aðferð til að stjórna af hálfu

karlsins, til dæmis með því að gefa henni augnarád – ofbeldi sem ekki felst í orðum eins og að öskra eða nota ákveðinn raddblæ, eða hegðun sem hefur ákveðna merkingu eins og að sparka í hundinn, nota ógnandi líkamstjáningu og/eða svipbrigði. Hér gegnir hið óvænta lykilhlutverki í ofbeldi mannsins, konan og börnin vita aldrei hvenær eða hvernig ofbeldi hans birtist næst, en óttinn um ofbeldið er ætíð til staðar.

- **Fjárhagslegt ofbeldi:** Til dæmis þegar maðurinn neitar að upplýsa konuna um sameiginlegan fjárhag þeirra, lætur hana fá takmarkaða vasapeninga, lætur hana aðeins fá lágmarksupphæð fyrir útgjöldum heimilisins á meðan hann eyðir stórum upphæðum í sjálfan sig, beitir hana hótunum til að hún skrifi undir lán, tapar fé fjölskyldunnar í fjárhættuspili eða tekur launin hennar.
- **Efnislegt ofbeldi:** Getur verið að brjóta hurðir/glugga, mölva vasa o.fl., eyðileggja eigur konunnar, til dæmis skemma eða rífa föt hennar, brjóta farsíma hennar, stela húsgögnum í hennar eigu eða gera henni erfitt um vik að fá hluta af sameiginlegu heimili þeirra.

Valdamismunur

Ofbeldi mannsins gegn konunni er yfirleitt ekki tilviljanakennt heldur er það notað af ásettu ráði og kerfisbundið. Fyrir manninn snýst það um að tryggja stjórn og vald hans yfir konunni, þannig að hún verði honum háð og almennt valdalaus. Þetta ferli gerir það að verkum að konunni finnst hún bera ábyrgð á ofbeldinu og jafnvel eiga sök á því. Þar af leiðandi virðist hún gera lítið úr því og neita því. Það er grundvallaratriði að skilja gangverkið á bak við þetta ferli.

Andlegt niðurbrot verður hjá konunni í þessu ferli. Ofbeldi er samþætt sambandinu og verður eðlilegur hluti af hversdagslífinu. Konan getur ekki lengur greint hvar mörkin eru á milli þess sem er eðlilegt og þess sem er það ekki. Til þess að ná fram markmiðum með ferlinu notar maðurinn:

1. Stýrt ofbeldi

Þessi tegund ofbeldis beinist eingöngu gegn konunni. Það á sér oft stað án vitna (fyrir utan hugsanlega börnin) og maðurinn ákveður tíma og umfang ofbeldisins.

2. Stýrð einangrun

Maðurinn bannar, kemur í veg fyrir eða hindrar konuna í að eiga samskipti við annað fólk, þar á meðal ættingja, vini og vinnufélaga.

3. Stjórnun þar sem notuð er blíða og ofbeldi á víxl

Þessi aðferð er einnig þekkt við yfirheyrslur og pyntingar þar sem gerandinn er á víxl „góði gæinn“ og „vondi gæinn“. Í ofbeldisfullu sambandi vill maðurinn vera sá eini sem er „góði gæinn“ og veita huggun. Ekki er óalgennt að misnotkunin endi með nauðgun ef ofbeldið örvar hann kynferðislega.

Í ofbeldisferlinu neyðist konan til að þróa með sér margvíslegar aðferðir til að lifa af og reyna að koma í veg fyrir að ofbeldið eigi sér stað.

Bæling ástæðna fyrir ofbeldi:

Í upphafi segir konan iðulega ofbeldið vera slys eða atvik sem ekki á sér stað að yfirlögðu ráði, en síðar upplifir hún að ofbeldisfullar árásirnar eigi enga rökrétta ástæðu. Sektartilfinning byggist upp vegna ofbeldisins og hún fer að taka á sig sökina á því sem er að gerast.

1. Konan glatar viðmiðunarramma sínum gagnvart ofbeldinu

Þegar konan er brotin niður andlega, glatar hún hugmynd sinni eða tilfinningu fyrir því „hvað er eðlilegt og hvað er ofbeldisfullt“ hlutverk karls. Konan aðlagar sig og verður undirgefin manningum.

2. Einangrun

Þegar komið er í veg fyrir félagsleg tengsl konunnar við annað fólk, verður maðurinn algerlega ráðandi í vitsmuna- og tilfinningalífi hennar. Hún verður ófær um að ákvarða hvað henni finnst og hvers hún þarfnast. Hún verður algerlega háð honum.

3. Glatað sjálfstraust og sjálfsmat

Þekkt er að fullorðnir sem hafa verið beittir ofbeldi í bernsku glími við ýmsar afleiðingar þess. Sem börn hafa þeir til dæmis upplifað ótta við yfirvöld, forðast bein átök, sýnt árátukennda hegðun, verið óeðlilega uppteknir af smáatriðum, hræðst nán tengsl og sýnt félagskvíða. Kona sem verður fyrir ofbeldi fer í gegnum sama ferlið og afleiðingarnar eru að hún glatar smám

saman öllu sjálfstrausti og sjálfsmat brenglast. Hún lagar sig að upplifun mannsins á ofbeldinu og ástæðum hans fyrir því og tekur á sig sökina vegna þess. Persónuleiki konunnar breytist og hún gerir meira úr neikvæðri ímynd af sjálfri sér. Við þessar aðstæður er skiljanlegt að hún sé sem lömuð og eigi erfitt með að gera nokkuð til að breyta stöðu sinni.

2.2 Skilgreining á ofbeldi gegn börnum og unglungum

Samtök um kvennaathvarf gefa út bækling þar sem ofbeldi gegn börnum og unglungum er skilgreint. Eftirfarandi kafli er byggður á efni bæklingins með smávægilegum breytingum.

Til að börn og unglingar nái að vaxa upp og þroskast sem sterkir, jákvæðir einstaklingar í þokkalegri sátt við sjálf sig og umhverfið þurfa þau heimili þar sem hlúð er að alhliða þroska þeirra, líðan og tilfinningum. Hversu gott sem leikskóla- og skólakerfi er þá er það fyrst og síðast á heimilunum sem grunnur lífshamingjunnar er lagður þar sem foreldrarnir eru öflugustu mótunaraðilarnir.

Börn og unglingar hafa vissar grunnþarfir, sem nauðsynlegt er að koma til móts við eigi vel að takast til. Þessar þarfir eru m.a.:

- Líkamleg umönnun, s.s. fæði, klæði, hvíld og vernd gegn hættum.
- Tilfinningalegt atlæti, s.s. snerting, blíða, huggun, virðing, aðdáun, þolinmæði, hvatning og örvun.
- Jákvæð samskipti við fullorðna, sem eru m.a. færir um að leiðbeina og nota réttlátan aga mótaðan af kærleika og vissu umburðarlyndi.
- Öryggi varðandi reglu og stöðugleika í umhverfinu.

Börn og unglingar sem búa við heimilisofbeldi fá ekki þessum grunnþörfum sínum fullnægt og fara ekki varhluta af því andlega og tilfinningalega álagi sem fylgir ofbeldi. Margir foreldrar í ofbeldissamböndum telja að þeir geti haldið börnum sínum fyrir utan. Foreldrarnir verða síðan mjög undrandi og oft slegnir þegar þeir komast að því að börn þeirra eru fær um að lýsa ofbeldinu, jafnvel í smáatriðum og að þau eru orðin „sérfræðingar“ í líðan og viðbrögðum foreldra sinna. Margoft hefur komið fram í rannsóknum að börn og unglingar þurfa hvorki að verða sjálf fyrir ofbeldinu eða verða beint vitni að því til að þjást. Óbein þátttaka hefur einnig alvarlegar afleiðingar, svo sem að vera í öðru herbergi og „heyra og skynja“, horfa á niðurbrotna móður fulla af ótta og kvíða og mögulega með áverka, eða sjá brotna hluti eða gæludýr sem hefur verið fargað. Þar fyrir utan kemur álagið af að búa á heimili sem stöðugt er hlaðið samskiptalegri spennu og enginn veit hvað næsti dagur ber í skauti sér.

Áhrif ofbeldis á börn og unglunga eru komin undir ýmsum þáttum svo sem tegund þess og tíðni, hvort búið er við ákveðinn stöðugleika í umhverfinu, til dæmis

tíðni flutninga, skólaskipti og vinatengsl. Auk þess hefur aldur, kyn og þroskastig barnanna áhrif ásamt hlutverkum sem þau hafa í fjölskyldunni.

Hjá kornabörnum koma afleiðingarnar þannig fram að grunnþörfum þeirra er ekki sinnt, það sést gjarnan sem truflun á líkamsþroska, svefni og skorti á hreinlæti. Það vantar stöðugleika og reglufestu í líf þeirra og þau verða öryggislaus. Þau fá ekki næga andlega örvun og tilfinningaþroskinn hægir á sér. Oft eru þessi börn ranglega metin sem einstaklega „þæg og góð“ þar sem örvunarleysið veldur því að þau gera litlar kröfur og liggja gjarnan langtímum saman þögn og hljóð. Nokkuð er einnig um það að kornabörn í fangi móður „lendi á milli“ og verði því „óvart“ fyrir höggum sem áttu að lenda á móður. Móðir sem býr við ofbeldi er sjálf undirlögð af vanlíðan, kvíða og spennu og stenst því illa það álag sem umönnun kornabarns er. Af þeim sökum er barn hennar í töluverðri hættu á alhliða vanrækslu.

Á smábörnum sést einnig truflun á líkamsþroska og önnur einkenni eins og hjá kornabörnum. Hjá börnum í þessum aldurshópi sem búa við ofbeldi sjást oft ýmsir skapgerðar- og hegðunarerfiðleikar þar sem eðlilegri tengslamyndun við fullorðna og önnur börn er oft ábótavant. Hegðun þeirra einkennist oft af „tilfinningalegu hungri“ sem talið er að drengir sýni einkum með árásargirni, háværð/fyrirferð og að skemma ýmislegt á meðan stúlkur sýni það frekar með því að vera sinnulausar, fjarrænar og óeðlilega háðar.

Á skólaaldrinum líta börn á foreldrana sem sínar aðalfyrirmyndir. Þau læra meira af því sem þau sjá og skynja en af því sem sagt er við þau. Á þessum aldri er algengt að þau telji ofbeldið sér að kenna og reyni eins og hægt er að vera „góð“ þannig að ástandið lagist. Þegar engin breyting verður fyllast þau vonleysi, sektarkennd og kvíða. Þau þjást oft í þögn þar sem ofbeldið verður hluti af daglega lífinu og vel varðveitt leyndarmál. Sum þeirra bera ofurábyrgð á heimilinu meðal annars gagnvart yngri systkinum, móðirin treystir á dugnað þeirra og þau verða jafnvel eini „trúnaðarvinur“ illa farinnar móður sinnar.

Börnin koma alltaf með vanlíðan sína í skólann sem kemur síðan fram með ýmsu móti. Þau eiga erfitt með að greina eigin mörk og annarra, sem veldur ýmsum samskiptaárekstrum. Eins hafa þau oft slaka færni til að leysa ágreining sem getur ýmist leitt til þess að þau verði óvenju árásargjörn eða illa fær um að verja sig. Þessi börn eiga því oft í erfiðleikum með að sýna „viðeigandi“ hegðun og geta því orðið „afbrigðileg“ í augum félaganna, sem býður ýmsum hættum heim í hinum harða heimi skólasamfélagsins. Áhyggjur og kvartanir frá kennurum berast svo heim sem


getur gert spennuna á heimilinu enn magnaðri og börnin enn vansælli sé ekki vel haldið á málum.

Þessi börn leita oft til skólahjúkrunarfræðingsins og kvarta einkum yfir höfuð- og magaverkjum ásamt ýmissi annarri óljósri líkamlegri vanlíðan. Á þessum aldri eiga börn erfitt með að skilgreina og tjá tilfinningar sínar eða orða líðan sína með öðru en líkamlegum einkennum. Það er hlutverk hinna fullorðnu að þróa með sér næmni fyrir skilaboðunum, minnug þess að ofbeldi er eitt best falda leyndarmál þessara barna.

Unglingsaldurinn getur verið sérlega erfiður fyrir börn sem búa við ofbeldi. Það sem fram hefur komið um börn á skólaaldri á einnig við um unglunga en þeir eru einnig í sérstakri áhættu á öðrum sviðum. Á þessum aldri eiga sér stað miklar breytingar á þroska og tilfinningum sem veitist mörgum unglungum ærið verkefni að fást við þó ekki komi til ofbeldi. Unglingar sem búa við ofbeldi eiga oft í miklum tilfinningalegum erfiðleikum þar sem þeir lifa í skjóli skammar, sektar, vonbrigða og niðurlægingar vegna þess leyndarmáls sem ofbeldið er. Þeir ala oft þá von í brjósti að einhver komi og „bjargi“ þeim. Þeir sveiflast á milli vonar og vonleysis um að nú sé ástandið að lagast og tilfinningin um að hafa litla sem enga stjórn á eigin lífi gerist áleitin. Á unglingsaldri hefst tímabil kynferðislegrar aðlöðunar þar sem unglingarnir falla oftast inn í þann farveg sem þeir þekkja fyrir bæði varðandi kynhlutverk og samskipti. Það gefur auga leið að unglingar sem búa við heimilisofbeldi geta, á þessu sviði, verið sérlega illa staddir. Þeir eiga oft í töluverðum erfiðleikum varðandi samsömun í félagahópi, sumir taka upp andfélagslega hegðun, en aðrir geta verið ofurábyrgir fyrir fjölskyldu sinni og eins er ekki óalgengt að sjá þá lokast inni í sjálfum sér. Þeir sveiflast gjarnan á milli ástar og haturs á foreldrum sínum og á milli vonar og vonleysis varðandi ástandið. Þeir eiga að geta sótt bæði öryggi og andlega næringu til foreldra sinna en fá jafnvel hvorugt (Samtök um kvennaathvarf, e.d.).

2.3 Konurnar sem fjallað er um

Konurnar eru 67 að tölu frá ýmsum þjóðlöndum búsettar á Íslandi og voru skráðar til dvalar í Kvænnaathvarfinu á tímabilinu október 2007 til júní 2009. Þar af eru 27 konur frá 6 þjóðum innan EES en 40 konur frá 24 löndum utan þess.



Sumar kvennanna hafa aðeins komið einu sinni í Kvænnaathvarfið, aðrar oft. Dvalartími er mislangur, sumar nýttu sér þjónustu þess í nokkrar klukkustundir, aðrar nokkra sólarhringa og svo voru konur sem dvöldu þar um nokkurra mánaða skeið.

Í mörgum tilvikum vissu konurnar af rannsókninni og veittu leyfi sitt til að vitna í orð sín eða upplifanir. Aðrar höfðu ekki þessa vitneskju meðal annars vegna þess að þær stoppuðu aðeins stutt við eða að ekki gafst tækifæri að segja þeim frá rannsókninni vegna tungumálaerfiðleika. Konurnar eru því ekki beinir þátttakendur í rannsókninni enda er talað um þær sem „konurnar“ í skýrslunni. Rannsakandi er meðvitaður um að hún fjallar um viðkvæmar upplýsingar og hefur leitast við að setja niðurstöður þannig fram að ekki megi rekja þær til einstakra kvenna.

3. Niðurstöður – fyrri hluti

Aðstæður og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið

3.1 Hópur A – Konur frá löndum innan EES

Lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins (lög nr. 47/1993) gerir EES/EFTA borgurum tiltölulega auðvelt að flytja til Íslands. Eftir komu til landsins hafa þeir 6 mánuði til að finna sér vinnu, ganga frá ráðningarsamningi eða sýna fram á framfærslu með öðrum hætti. Þeir þurfa að skrá lögheimili og fá kennitölu. Síðan þurfa þeir að virkja sjúkratryggingu og fá E 104 vottorð. Ef þeir hafa gilt E 104 vottorð við komuna til landsins njóta þeir fullra réttinda til sjúkratryggingar hér á landi, annars þurfa þeir að kaupa sér tryggingu í sex mánuði. Aðstandendur þeirra, svo sem makar, foreldrar og börn undir 21 árs aldri geta komið til landsins og skráð sig sem EES- eða EFTA- borgarar.

(Byggt á samantekt Margrétar Steinarsdóttur, lögfræðings Alþjóðahúss)

Þessi lög gera konum frá Evrópska efnahagssvæðinu kleift að dvelja á Íslandi á eigin forsendum – þær eru *ekki* háðar maka varðandi dvalar- og atvinnuleyfi.

3.1.1 Konurnar


Nær allar konur í hópi A, 25 af 27, koma frá löndum fyrrum Austur-Evrópu. Önnur konan sem eftir er kemur frá Norðurlöndum en um uppruna hinnar er ekki vitað. Meðalaldur kvennanna er um það bil 32 ár en maka þeirra 34 ár. Í þessum hópi segjast 3 konur hafa lokið háskólamenntun, 17 nefna grunn- eða framhaldsskólapróf² en upplýsingar liggja ekki fyrir um menntun 7 þeirra. Nær allar konurnar vinna lágláunastörf og þær háskólamenntuðu hafa ekki fengið vinnu sem hæfir menntun þeirra hér á landi.

Konur í hópi A leita oftast í Kvennaathvarfið vegna ofbeldis af hendi eiginmanna eða sambýlinga frá eigin landi. Af 27 dvalarkonum sem skráðar voru inn í

² Skólakerfi eru misjöfn eftir löndum og því er ekki alltaf öruggt að um sömu skilgreiningu sé að ræða. Þess vegna er öruggast að hafa grunn- og framhaldsskóla saman þar sem konur eru ekki alltaf vissar um við hvaða skólastig er átt hér á landi.

Kvennaathvarfið á rannsóknartímabilinu komu 16 vegna samlanda sinna. Ekki er vitað um uppruna eiginmanna 4 kvenna en talið er að þeir séu af sama uppruna og konurnar. Í 4 tilvikum áttu konur íslenskan maka en 1 kona átti mann af öðru þjóðerni. Af 27 konum leituðu 2 í Kvennaathvarfið vegna ofbeldis ættingja og eru þær táknaðar með „á ekki við“ í töflunni hér á eftir.

Þegar á heildina er litið kemur í ljós að líklega eru 20 makar af 25 eru frá sama landi og konurnar sjálfar.



3.1.2 Bakgrunnur ofbeldismannanna


Makar flestra kvenna frá EES-löndum hafa svipaðan bakgrunn og konurnar sjálfar. Hjónin koma oftast úr sama menningarsamfélagi og eru í nær öllum tilvikum með svipað menntunarstig. Einn maki er með háskólapróf, 14 aðrir hafa lokið grunn- og/eða framhaldsskólaprófi, um 11 er ekki vitað. Karlarnir eru flestir með atvinnu sem verkamenn eða iðnaðarmenn. Sumir höfðu misst vinnuna þegar konur þeirra leituðu í Kvennaathvarfið, enda nær rannsóknin fram yfir efnahagslegt hrun landsins, eða til júní 2009.

Það er áberandi hve margir eiginmenn kvenna í þessum hópi eiga við áfengis- og/eða fíkniefnavanda að stríða að sögn kvennanna. Af þeim körlum sem koma við sögu í rannsókninni má sjá að íslensk lögregla hefur haft mest afskipti af þessum hópi. Samkvæmt upplýsingum frá konunum hafa nokkrir karlanna einnig komist í kast við lögin heima fyrir, þar á meðal eru einhverjir sem hafa hlotið dóma vegna ofbeldisverka þar.

Fíklar af einhverju tagi eru hlutfallslega flestir meðal maka kvenna frá löndum innan EES og koma þeir flestir frá svæðum sem skilgreind eru sem fyrrum austantjaldslönd.

3.1.3 Ofbeldið

Ofbeldi maka er ástæða allra kvennanna í hópnum nema tveggja til að leita dvalar í Kvennaathvarfinu. Oftast nefndu þær andlegt og/eða líkamlegt ofbeldi eins og sjá má í töflunni hér á eftir. Einnig tala þær um kynferðislegt ofbeldi, morðhótanir og sjálfsvígshótanir maka ásamt ýmis konar ofsóknum af þeirra hendi. Það skal tekið fram að sama kona getur nefnt fleiri en eina grund ofbeldis.



Mikill meirihluti, eða 17, nefnir drykkju og/eða fíkniefnaneyslu maka sem ástæðu. Ekki er vitað hvernig þeim málum er háttað hjá 7 þeirra en aðspurðar svöruðu einungis 2 konur í þessum hópi því til að drykkja væri ekki tengd komu þeirra í Kvennaathvarfið. Ein kona var að flýja aðrar aðstæður. Aðeins ein kona í hópi A sagðist sjálf eiga við drykkjuvandamál og/eða óreglu að stríða.

Reynslusögur

Kærastinn hefur beitt hana andlegu ofbeldi nánast frá byrjun sambandsins. Allt sem konan gerir er rangt, hvernig hún klæðir sig, hvorum megin við diskinn glasið er... Hann hefur oft tekið harkalega í

handlegginn á henni svo mar hefur margsinnis hlotist af og sýnt ógnandi hegðun. Hann minnir hana svo reglulega á hvað hún ætti að vera þakklát fyrir allt sem hann hefur gert fyrir hana. Að hans mati á hún Íslandsdvölinna honum að þakka.

* * *

Maðurinn drekkur mikið með félagum sínum. Á einni slíkri stundu réðst hann á konuna og sparkaði í höfuð henni. Sauma þurfti mörg spor. Hann sagðist myndu drepa hana ef hún hringdi á lögreglu.

* * *

Konan kemur í Kvennaathvarf vegna eiginmanns sem réðist á hana, lamdi og reyndi að nauðga. Hann hótaði henni öllu illu ef hún flytti ekki af landi brott. Konan hefur búið mun lengur á Íslandi en karlinn.

* * *

Maðurinn drekkur frá sér vit og rænu. Hann hvorki borðar né sefur í einhvern tíma. Að lokum er hann yfirleitt lagður inn á sjúkrastofnun nær dauða en lífi. Þegar heim er komið endurtekur hann leikinn. Konan er búin að fá nóg af drykkju hans.

* * *

Karl hefur beitt konuna líkamlegu ofbeldi frá því að þau hófu sambúð í þeirra heimalandi. Konan upplifir að það sé öðruvísi litið á ofbeldi á Íslandi og hefur minna þol fyrir þessu ástandi. Hún vill skilja við mann sinn eftir margra ára hjónaband.

* * *

Kona kom með eiginmanni sínum hingað til lands til að finna sér betri vinnu. Lífið í heimalandi hennar var erfitt og hún skuldum vafin. Þegar hingað kom fór að syrtu í álinn og kom í ljós að henni var boðið heimili í sambúð með mörgum öðrum körlum. Maðurinn drakk mikið. Hann henti henni út eftir að hafa margsinnis gengið í skrokk á henni.

3.1.4 Börnin

Fimmtán konur af 27 í hópi A komu til dvalar með 16 börn alls. Þau voru á aldrinum þriggja vikna til þrettán ára. Meðalaldur barnanna er um það bil fimm ár. Tvær konur töldu börnin sín hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi og ein nefndi einnig líkamlegt

ofbeldi. Ljóst er af frásögnum kvennanna að börnin hafa orðið vitni að ýmis konar ofbeldi, sum að drykkjulátum feðranna og annarra ásamt andlegu og líkamlegu ofbeldi gegn móður (sjá skilgreiningu á ofbeldi gegn börnum hér framar).

3.1.5 Dvalar- og atvinnuleyfi

Fáar konur í hópi A höfðu áhyggjur af dvalar- og atvinnuleyfum hér á landi. Flestar voru í vinnu á tímabilinu sem rannsóknin stóð, enda næga vinnu að hafa mestallan tímann.

Þótt sumar konurnar hafi ákveðið að skilja við menn sína eða slíta sambúð voru flestar þeirra ákveðnar í að dvelja áfram hér á landi. Þær töldu sig eiga betri möguleika á vinnumarkaði og hærri launum en í þeirra heimalandi.

3.1.6 Félagsleg tengsl

Flestar konurnar í hópi A virðast eiga stórt félagslegt net af samlöndum sem hjálpast að og standa saman í ókunnu samfélagi. Þær sem hafa verið lengst búsettar hér á landi hjálpa hinum nýkomnu og aðstoða á margan hátt, finna vinnu og húsnæði og hjálpa í samskiptum við opinbera kerfið. Sumar kvennanna eiga þar að auki ættingja hér á landi sem styrkja þær og styðja þegar vandamál koma upp.

Við komu í Kvennaathvarfað sést vel hvernig konurnar virkja félagsleg tengsl sín meðal annars til að finna sér húsnæði og pössun fyrir börnin. Hins vegar tala konur um galla þess að búa í svo litlu og einangruðu samfélagi samlanda og segja rógburð og sögusagnir þrífast vel innan hópsins.

Konur í hópi A virðast aðallega umgangast landa sína og hafa lítil samskipti við Íslendinga eða aðra útlendinga utan vinnustaða.

3.1.7 Tungumálakunnátta

Dvalartími kvenna í hópi A á Íslandi hefur verið allt frá einum mánuði upp í níu ár. Þrátt fyrir að hafa dvalið hér í einhver ár tala aðeins þrjár af 27 íslensku þannig að þær geti gert sig skiljanlegar með góðu móti. Sumar geta bjargað sér með grunnatriði á ensku en aðrar haldið uppi almennum samræðum á því tungumáli. Tíu konur gátu hvorki tjáð sig á ensku né íslensku.

Fáar konur í þessum hópi voru í íslenskunámi eða sýndu sérstakan áhuga á að læra íslensku.

3.2 Hópur B – Konur frá löndum utan EES

Úr útlendingalögum – helstu lagagreinir sem snerta konur í hópi B.

Í 8. gr. útlendingalaga nr. 96 frá árinu 2002 má lesa eftirfarandi:

Dvalarleyfi fyrir aðstandendur

Nánustu aðstandendur íslensks ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem búsettur er hér á landi eða útlendingur sem dvelst hér á landi á grundvelli dvalarleyfis [...] eða að grundvelli búsetuleyfis geta samkvæmt umsókn fengið dvalarleyfi, [...], auk þess sem framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði skal vera tryggt [...]

* * *

Eftirtöldum útlendingum er heimilt að dveljast hér á landi án dvalarleyfis:

e. útlendingi sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara og hefur búið með honum hér á landi og haft dvalarleyfi samfellt í þrjú ár eftir stofnun hjúskapar eða staðfestingu samvistar,

f. útlendingi sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og hefur haft fasta búsetu og dvalarleyfi hér á landi samfellt í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda séu bæði ógift og hinn íslenski ríkisborgari hafi haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.

(Lög um útlendinga 2002 nr. 96)

* * *

Lagaumhverfi fólks frá löndum utan EES er mun flóknara en þess sem kemur frá EES. Búseta hér á landi er háð skilyrðum um dvalar- og atvinnuleyfi á ýmsum forsendum sem ekki verða útlistaðar hér.³ Flestar konurnar í hópi B sem fjallað er um í rannsókninni hafa fengið dvalarleyfi sem aðstandendur en sumar hafa búið hér nógu lengi til að hafa fengið búsetuleyfi eða þær hafa öðlast íslenskan ríkisborgararétt.

„Fjögurra ára reglan“ (áður þriggja ára reglan) leikur stórt hlutverk í lífi margra kvenna í hópi B. Í útlendingalögum er kveðið á um að fólk skuli hafa búið á Íslandi í fjögur ár samfleytt til að geta sótt um búsetuleyfi. Þessi regla hefur komið illa við margar konur upprunnar utan EES sem búa í ofbeldissamböndum. Dvalarleyfi þeirra er þá tengt maka sem gefur honum mikið vald yfir lífi þeirra ef miðað er við aðstæður annarra kynsystra hér á landi. Lífsafkoma og framtíð konunnar og barna hennar getur þá verið í höndum makans.

³Áhugasömum lesendum er bent á lagasafn sem hægt er að nálgast á heimasíðu Alþingis (<http://www.althingi.is/lagas/136b/2002096.html>.)

Þrátt fyrir að konur frá ríkjum utan EES sem eru í hjúskap með íslenskum ríkisborgara þurfi ekki dvalarleyfi eftir að hafa búið með maka sínum hér á landi í fjögur ár, breytist staða þeirra þó við skilnað. Því eru það þær konur einar sem hafa búsetuleyfi eða íslenskan ríkisborgararétt sem ekki þurfa að óttast brottvísun úr landi við skilnaðinn.

Í ágúst 2008 var nýju ákvæði bætt við útlendingalögin sem eiga að taka til aðstæða kvenna í ofbeldissamböndum. Í 13. gr. Útlendingalaga nr. 86 frá 2008 má lesa eftirfarandi:

Ef hjúskap, staðfestri samvist eða sambúð er slitið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt misnotkun eða ofbeldi í sambandinu er, þegar sérstaklega stendur á og ríkar sanngirnissástæður mæla með, jafnframt heimilt að endurnýja dvalarleyfi þrátt fyrir breyttar forsendur dvalar hér á landi. Skal þá m.a. litið til lengdar hjúskapar, staðfestrar samvistar eða sambúðar og tengsla útlendings við landið.

(Lög um útlendinga 2002 nr. 96).

Nokkrar kvennanna hugðust nýta sér þetta ákvæði en niðurstaða hefur ekki fengist í málum þeirra. Þess ber að geta að sönnunarbyrði getur reynst erfið í málum sem tengjast heimilisofbeldi þar sem orð stendur gegn orði en sönnunargögn vantar. Konur af erlendum uppruna vita oft ekki af þeim úrræðum sem þær hafa hér á landi svo sem að fá áverkavottorð eða kalla til lögreglu. Þær eru heldur ekki alltaf í aðstöðu til þess þar sem maðurinn stjórnar þeim og einangrar á heimilinu.

Lög um dvalarleyfi, búseturétt og atvinnuleyfi fyrir fólk frá löndum utan EES eru ekki einföld. Þess vegna getur verið gagnlegt að setja upp dæmi til að skýra út hvernig þau geta haft áhrif á líf kvenna í hópi B. Hafa skal í huga að dæmið er mjög einfaldað.

1) Íslenskur maður giftist konu frá landi utan EES. Hann sækir um dvalarleyfi fyrir hana og tryggir sjálfur framfærslu konunnar, leggur fram húsnæði og sjúkratryggingu sem er grunnforsenda þess að dvalarleyfi sé gefið út. Konan kemur til landsins og þau hefja búskap. Útgáfa dvalarleyfis konunnar og endurnýjun þess næstu fjögur árin byggist á að hún sé maki íslenska mannsins sem sótti um dvalarleyfi fyrir hana. Sæki konan eða maðurinn um skilnað áður en konan er komin með búsetuleyfi eru forsendur dvalarleyfis konunnar brostnar og á það einnig við þó konunni sé heimilt að dvelja hér án dvalarleyfis (þ.e. að þremur árum liðnum). Ef konan vill dvelja áfram hér á landi þarf hún að sækja um dvalarleyfi á öðrum forsendum. Ef um

ofbeldissamband er að ræða getur hún sótt um dvalarleyfi samkvæmt nýju lagagreininni hér að framan. Ef engar aðrar sérstakar ástæður styðja umsókn konunnar eru mestar líkur til þess að dvalarleyfi hennar verði ekki endurnýjað og hún þurfi því að snúa heim á ný.

2) Maður af erlendum uppruna sem hefur dvalarleyfi hér á landi eða hefur öðlast íslenskan ríkisborgararétt giftist konu af sama uppruna og hann sjálfur eða annars staðar erlendis frá. Sama ferli og dæmi 1 (eftir þriggja ára hjúskap og búsetu hefur konan þó ekki rétt til að dveljast hér án dvalarleyfis).


3) Konur frá löndum utan EES sem hafa dvalarleyfi á eigin forsendum eða búsetuleyfi eru í sömu stöðu og konur frá löndum innan EES. Þær geta giftst og skilið án þess að það hafi áhrif á stöðu þeirra hér á landi.

4) Konur frá löndum utan EES sem hafa íslenskan ríkisborgararétt eru í sömu stöðu og konur í dæmi 3.

(Þessi kaflí er unninn í samstarfi við Margréti Steinarsdóttur, lögfræðing í Alþjóðahúsi).

3.2.1 Konurnar

Uppruni kvennanna í hópi B er sundurleitur. Alls koma 17 frá Afríku, 9 frá Asíu, 9 frá Evrópulöndum utan EES og 5 frá öðrum heimsálfum. Meðalaldur þeirra er 35 ár en meðalaldur maka þeirra 42 ár. Í þessum hópi eru 8 háskólamenntaðar konur, 24 segjast vera með grunn- og/eða framhaldsskólapróf en ekki er vitað um menntunarstig 8 kvenna í hópnum. Í gögnum kemur fram að 5 makar eru háskólamenntaðir, 11 með grunn- og/eða framhaldsskólapróf en ekki koma fram upplýsingar um 16 þeirra. Að auki eru 8 konur í hópnum sem komu ekki vegna ofbeldis maka, þær eru hælisleitendur, fórnarlömb mansals eða koma vegna ofbeldis ættingja.



3.2.2 Bakgrunnur ofbeldismannanna


Helmingur maka hinna 40 kvenna í hópi B eru Íslendingar og verður gerð sérstaklega grein fyrir þeim hópi hér á eftir. Makar níu þeirra eru samlandar en þrír eru af öðrum uppruna. Átta konur í þessum hópi leituðu til Kvennaathvarfsins á öðrum forsendum en ofbeldi maka og falla því undir aðra skilgreiningu.

Nokkrar konur frá löndum utan EES komu til dvalar í Kvennaathvarfið vegna maka af sama uppruna og þær sjálfar. Í sumum tilfellum hafa karlarnir verið búsettir í nokkur ár á Íslandi, hafa komið sér hér fyrir og þekkja vel til í samfélaginu. Einhverjir höfðu fengið íslenskan ríkisborgararétt. Aðrir karlar í þessum hópi komu hins vegar til Íslands sem eiginmenn kvenna sem hér höfðu búið í einhver ár. Að sögn kvennanna virðast flestir makarnir hafa hlotið grunn- og/eða framhaldsskólamenntun og lögregla

virðist hafa haft lítið af þeim að segja hér á landi. Samkvæmt frásögn kvennanna eru flestir þeirra í vinnu. Það vekur hins vegar athygli að konur einhverra manna í þessum hópi vissu mjög lítið um bakgrunn og fortíð manna sinna.

3.2.3 Ofbeldið

Ofbeldi af ýmsu tagi er aðalástæða þess að konurnar í hópi B leita sér aðstoðar í Kvennaathvarfinu. Sumar þeirra tjá sig um gróft andlegt, líkamlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi. Aðspurðar hvort maki ætti við áfengis- og/eða fíkniefnavanda að stríða svöruðu 14 konur neitandi en 12 játandi. Aðrar svöruðu ekki eða eiga ekki maka. Makar kvenna í hópi B eiga síður við áfengisvandamál að stríða en í hópi A, ef frá eru taldir íslensku eiginmennirnir.



Nokkrar konur í hópi B höfðu hitt manninn sinn á Netinu en fjölskyldur annarra höfðu haft milligöngu um hjúskap í heimalandi þeirra.

Reynslusögur

Kona kom í lögreglufylgd í Kvennaathvarf. Hún hafði búið á Íslandi í nokkur ár en gat ekki gefið upp heimilisfang. Hún vissi ekki hvar hún bjó enda hafði maður hennar haldið henni einangraðri allt frá því hún kom til landsins.

* * *

Eiginmaðurinn lét konuna sína skrifa undir móttækin laun sem hún fékk aldrei. Maðurinn sagði henni að þau færu upp í rafmagns- og hitakostnað og fleira.

* * *

Fyrirverandi kærasti beitir konuna miklu andlegu og líkamlegu ofbeldi og ofsækir hana. Hann gerir henni ókleift að lifa eðlilegu lífi. Hann er sjúklega afbrýðisamur, sakar konuna um framhjáald og stelur af henni peningum. Konan er mjög hrædd við manninn vegna ofbeldisins sem hann beitir.

* * *

Konan sagði foreldra sína og foreldra eiginmannsins í heimalandi þeirra hafa komist að samkomulagi um hjónaband. Hún flutti til hans en fljótlega féll á glansmyndina. Maðurinn beitti konuna andlegu og líkamlegu ofbeldi allt frá fyrsta degi eftir komu hennar til Íslands. Hann misnotaði hana einnig fjárhagslega, hún vann en launin voru sett á sameiginlegan bankareikning sem hann einn hafði aðgang að. Konan var algjörlega peningalaus við komu í Kvennaathvarfið.

* * *

Hann gengur í skrokk á henni, hendir henni út úr hennar eigin húsi og hótar að drepa hana ef hún flytur ekki frá Íslandi. Hann hefur hótað öllum sem hún hefur verið í sambandi við lífláti eða misþyrmingum.

* * *

Eiginmaðurinn kom fram sínum vilja í kynlífi, lokaði konuna inni og neitaði henni um að fara út nema til vinnu og út í búð.

* * *

Konan er stórskuldug vegna skulda kærastans en hún þorir ekki annað en að skrifa upp á skuldaviðurkenningar fyrir hann því hann hótar að gera börnum þeirra mein ef hún neitar.

* * *

Karlinn gerði lítið úr öllu sem hún gerði, skipaði henni að vera heima en var sjálfur úti heilu og hálfu næturnar. Hann hótaði að láta senda hana úr landi bæði ef hún hefði samband við ættingja sína og ef hún þýddist hann ekki kynferðislega...

* * *

Fljótlega eftir að þau giftu sig varð maðurinn veikur og eftir það hafði drykkjan enn meiri áhrif en áður, til hins verra. Karlinn kallar konuna öllum illum nöfnum og hótar henni. Hún getur þurft að flýja með börnin hvenær sem er sólarhringsins þegar hann er í ham.

* * *

3.2.4 Börnin

Sautján konur í hópi B komu með alls 26 börn undir 15 ára aldri til dvalar í Kvennaathvarfinu. Meðalaldur barnanna er um sex ár. Að mati tveggja kvenna höfðu börn þeirra orðið fyrir ofbeldi. Þar af sagði önnur frá því að faðir barnsins hefði sett kotta fyrir vit þess þegar það var aðeins nokkurra vikna gamalt. Aðrar nefna að börnin hafi orðið vitni að ofbeldi karlanna og skapofsaköstum. Í sumum tilvikum áttu konurnar barn frá fyrra sambandi og sögðu þær frá því að núverandi maki hefði gert upp á milli sinna barna og hinna.

3.2.5 Dvalar- og atvinnuleyfi

Dvalartími kvenna á Íslandi í þessum hópi er allt frá 4 mánuðum upp í 13 ár. Alls hafa 15 konur í hópi B fengið íslenskan ríkisborgararétt eða hafa dvalið hér nógu lengi til að sækja um dvalarleyfi á eigin forsendum. Þrettán þeirra eru með dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar og eru því í viðkvæmri stöðu, um níu er ekki vitað. Þar að auki eru þrjár hælisleitendur í hópnum. Grunur leikur á að fjórar eða fimm kvennanna í þessum hópi séu fórnarlömb mansals og hafi stundað vandi hér á landi.

Nær helmingur kvennanna, eða 18, stundar vinnu. Atvinnulausar eru 13 en flestar þeirra hafa atvinnuleyfi hér á landi. Um sjö er ekki vitað, tveir nemar eru í hópnum og tveir öryrkjar. Öroraka annarrar er afleiðing mikils andlegs og líkamlegs ofbeldis fyrrverandi maka hennar.

Allar konurnar í hópi B sem ekki höfðu sjálfstætt atvinnu- og/eða dvalarleyfi, börðust fyrir áframhaldandi búsetu á Íslandi. Flestar nefna þær betri lífsafkomu hér á landi sem ástæðu þess, fleiri atvinnutækifæri og betri framtíðarhorfur fyrir börnin svo dæmi séu nefnd. Sumar eiga börn í heimalandinu sem þær kosta til mennta sem þau hefðu annars ekki tækifæri til.

Sumar hafa brotið brýr að baki sér og eiga ekki afturkvæmt til heimalandsins sem fráskildar konur og/eða vegna þess að fjölskyldur þeirra eru ekki sáttar við

ákvarðanir þeirra varðandi makaval. Einnig má nefna bága fjárhagsstöðu margra kvennanna. Þær eru í flestum tilvikum í lágláunastörfum og sumar eiga í erfiðleikum með að framfleyta sér hér á landi. Þær eiga ekki fyrir farmiða heim, hvað þá til að koma sér fyrir að nýju í heimalandinu og skapa sér tilverugrundvöll þar. Sumar konurnar hafa ekki verið fjárhagslega sjálfsstæðar hér á landi þar sem laun þeirra hafa runnið í vasa eiginmanna þeirra.

Reynslusögur

Ung kona hitti samlanda sinn hér á landi og giftust þau í framhaldi af þeim kynnum án þess að fá samþykki foreldra konunnar. Nú á hún ekki afturkvæmt í sitt samfélag, þar sem foreldrar hennar gætu ekki tekið á móti henni vegna gilda sem þar ríkja. Að sögn konunnar hefur hún enga möguleika á að sjá sér farborða þar.

* * *

„Þegar ég fluttist til hans frá brenndi ég allar brýr að baki mér heima. Ég sagði upp mjög góðri vinnu. Ástandið er skelfilegt í dag í mínu heimalandi. Þar eru engar almannatryggingar eða atvinnuleysisbætur eins og hér. Skólakerfið er öðruvísi hér, börnin mín ættu erfitt með að skipta, þau væru orðin á eftir. Hvað á ég að gera?“

* * *

3.2.6 Félagsleg tengsl

Flestar konurnar í hópi B eiga einhver félagsleg tengsl í íslensku samfélagi. Um er að ræða samlanda í sumum tilvikum en einnig sést að þær hafa samband við fólk frá sama landsvæði (álfu) og/eða aðra útlendinga. Sumar eiga íslenskar tengdafjölskyldur, vini, nágranna og starfsfélaga þannig að tengslin eru margvísleg og fjölbreytt.

Ólíkt konum í hópi A eiga fáar konur í hópi B félagsleg tengsl við komuna til Íslands. Sumar ná að byggja upp félagslegt net á meðan þær eru í sambúð með manni sínum en aðrar hafa ekki þann möguleika. Hins vegar má sjá í rannsóknargögnum að eftir komu sumra kvennanna í Kvænnaathvarfið voru þær fljótar að koma sér upp tengslaneti.

3.2.7 Tungumálakunnátta


Konur í hópi B eru nokkuð vel settar hvað varðar tungumálakunnátta. Af 40 konum voru aðeins 8 sem gátu ekki gert sig skiljanlegar á öðru tungumáli en þeirra eigin, en aðrar töluðu annað hvort íslensku eða ensku, mismunandi vel að vísu. Sumar þessara kvenna eru tví- eða þrítyngdar.

Mikill áhugi ríkti meðal kvenna í þessum hópi á að læra íslensku. Margar þeirra stunduðu íslenskunám með vinnu eða höfðu tekið íslenskunámskeið. Hugur þeirra stóð til áframhaldandi búsetu og flestar töldu þær þá nauðsynlegt að læra málið.

3.3 Hópur C – Konur giftar Íslendingum

3.3.1 Konurnar

Á því tímabili sem rannsóknin nær til leituðu 23 konur af erlendum uppruna í Kvennaathvarfið vegna íslensks maka. Þar af koma sjö frá Afríku, sex frá Asíu, sex frá Evrópu og fjórar frá öðrum heimsálfum. Meðalaldur kvenna í þessum hópi er um 31 ár en manna þeirra 44 ár. Í komuskýrslum má sjá að 8 konur eru háskólamenntaðar, 12 með grunn- og/eða framhaldsskólapróf en um 3 er ekki vitað.



3.3.2 Bakgrunnur ofbeldismannanna


Allir makar kvennanna eru fæddir og uppaldir á Íslandi. Í gagnagrunni má sjá að sex þeirra hafa verið kvæntir áður og eiga börn með fyrri konum. Af mökum kvennanna eru sjö með háskólapróf, fimm eru með grunn- og/eða framhaldsskólapróf en ekki liggja fyrir upplýsingar um menntun 11 maka.

Það vekur athygli að níu makar af 23 í þessum hópi eru atvinnulausir á tímabilinu sem rannsóknin stóð yfir. Fram kemur að sjö eru í vinnu en um hina er ekki vitað. Níu konur telja maka sína eiga við áfengis- og/eða fíkniefnavandamál að stríða, jafnmargar og þær sem segja að svo sé ekki. Hins vegar kemur ekki fram í fjórum tilvikum hvort svo sé. Fjórar konur segja frá spilafíkn og/eða geðrænum vandamálum sem þær telja að makar þeirra glími við.

3.3.3 Ofbeldið

Konur í þessum hópi nefna flestar andlegt, líkamlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi sem ástæðu komu. Sumar þeirra segja einnig frá fjárhagslegri misnotkun.

Eins og sést á töflunni hér á eftir segjast allar konurnar 23 hafa verið beittar andlegu ofbeldi, 18 af 23 segja frá líkamlegu ofbeldi sem er hærra en í hópum A og B. Morðhótanir og sjálfsvígshótanir eru einnig hlutfallslega fleiri en í hinum hópnum.



Reynslusögur

„Þið eruð bara rusl“, sagði maðurinn við útlenda eiginkonu sína og börn hennar.

* * *

Ein konan hefur búið með íslenskum manni sínum um nokkurn tíma hér á landi. Þau kynntust í heimalandi hennar. Hún hefur gert nokkrar tilraunir til að búa með manninum en gefist upp og snúið heim. Hann hefur þá elt hana út til heimalands hennar og lofað öllu fögru ef hún kæmi til baka og hún hefur gefið honum tækifæri. Karlinn hefur útrekað beitt konuna andlegu og líkamlegu ofbeldi. Ógnar henni með vopnum og þvingar hana til lifa afbrigðilegu kynlífi sem hún hefur ekki löngun til.

* * *

Maðurinn hefur átt fleiri en eina konu af erlendum uppruna áður en konan kynntist honum. Nú hótar hann konunni heimsendingu vegna þess að hún sættir sig ekki við andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Hann er farinn að leita að nýrri konu á Netinu.

* * *

Konan hefur fyrir barni að sjá í heimalandi sínu og hefur áhyggjur af framtíð þess ásamt sinni eigin. Segist ekki hafa að neinu að snúa, hún

hafi sagt upp vinnu til að koma hingað. Hún telur lítlar líkur á að finna nýja vinnu vegna aldurs og atvinnuleysis í heimalandinu.

* * *

Maðurinn vill endilega losna við hana sem fyrst út úr landinu til að hann geti fundið sér aðra konu.

* * *

Konan á börn í heimalandi sínu sem hún vildi gjarnan hafa hjá sér en maður hennar harðneitar því.

* * *

Maðurinn vinnur ekkert en krefst þess að fá hluta af launum konunnar um hver mánaðamót.

* * *

Eiginmaðurinn fær sér fyrst að borða, konan og börnin fá að skipta með sér því sem af gengur.

* * *

Karlinn tók alla peninga hennar og henti fötunum hennar. Þegar hún mótmælti tók hann hana hálstaki og sló henni utan í rúðu. Hún hélt að hann myndi henda sér út um gluggann en tókst að losa sig og kallaði á hjálp nágranna sinna.

* * *

Eiginmaðurinn sparkaði í konuna, henti henni út og meinaði henni innngöngu. Hún stóð úti lítið klædd á kaldri vetrarnóttu.

* * *

Maðurinn hrakti konuna útrekað úr vinnu með því að hafa samband við vinnuveitendur hennar og ljúga upp sögum um hana.

* * *

Hópur C hefur sérstöðu hvað nokkur atriði varðar. Eitt þeirra er að nokkrar konur í þessum hópi segjast hafa kynnst mökum sínum í gegnum netmiðla. Það vekur athygli að konurnar segja svipaða sögu af því hvernig þær hittu íslenska eiginmenn sína á Netinu⁴. Algengt munstur virðist vera að spjalla við þá í einhvern tíma, síðan koma þeir út í heimsókn, oft í þrjár vikur, og að þeim loknum giftist parið annað hvort í

⁴ Konur sem hafa komið í viðtöl án dvalar til rannsakanda hafa einnig sagt svipaða sögu.

heimalandi konunnar eða á Íslandi. Eiginmaðurinn kemur heim og sækir um atvinnu- og dvalarleyfi fyrir konu sína eða konan fer til síns heima og bíður þar eftir tilskildum leyfum til búsetu hér á landi.

Í sumum tilvikum virðist sem einhverjir þessara manna hafi fundið sér konur með þessum hætti oft en einu sinni og jafnvel fleiri í einni ferð. Konurnar segja frá fyrrverandi eiginkonum eða sambýliskonum af erlendum uppruna. Þær hafa einnig orðið þess varar að eiginmaður þeirra sé að leita fyrir sér að nýrri konu á meðan þau hjónin búa enn saman.

Vitað er til þess að tvær konur af erlendum uppruna hafi leitað í Kvennaathvarfið vegna sama mannsins. Að sögn annarrar þeirra hafði hennar maður margar konur í takinu á Netinu og þegar ein kona hafði gefist upp á honum og „verið send“ til heimalands síns sagði hún hann ganga að næstu vísri.

Sumir íslensku makarnir hafa heimsótt heimaland konunnar sem ferðamenn og/eða dvalið þar í nokkur ár. Hjónin hafa þá hist þar og síðan flutt til Íslands.

Reynslusögur

Kona hitti íslenskan mann sinn er hún kom til Íslands í atvinnuleit. Maðurinn lofaði henni gulli og grænum skógum, fjölskyldu, börnum og hamingju. Hitti foreldra hennar, gaf henni hring og lofaði að gera hana hamingjusama. Eftir 2ja ára sambúð henti maðurinn henni út og sagði að hann væri búinn að fá nóg af henni. Að sögn konunnar var karlinn farinn að leita að staðgengli hennar nokkru áður.

* * *

„Ég hitti íslenskan eiginmanni minn í heimaborg minni, en áður höfðum við þekkt í nokkra mánuði í gegnum tölvupóstssamskipti gegnum miðlara. Kunningsskapurinn gekk vel og hann lofaði að hugsa vel um mig og börnin mín. Hann hringdi nánast á hverju kvöldi og ég trúði honum.“ Maðurinn fór síðan að sýna á sér aðra hlið eftir að þau voru gift. Hann niðurlægði konuna á margvíslegan máta og beitti hana grófu líkamlegu ofbeldi sérstaklega undir áhrifum áfengis.

* * *

Konan þekkti engan þegar hún kom til mannsins hér á landi. Hún treysti algjörlega á hann en hann brást vonum hennar á örskömmum tíma. Allt

sem hún gerði var ómögulegt. Hann og börnin hans báru enga virðingu fyrir henni. Konan þurfti að vinna öll verkin ein. Hún segist svo hafa gert sér grein fyrir að það hafi bara átt að nota hana til að þrifa, elda og til kynmaka.

* * *

Maðurinn sótti um skilnað og nokkrum dögum seinna var hann kominn í samband við giftingarmiðlarann og vildi kynna 2-4 ungum stúlkum.

* * *

Ung kona kynntist manningnum á Netinu sem kom út að hitta hana. Allt leit vel út og henni fannst hún hafa dottið í lukkupottinn. Þegar hversdagsleikinn heima tók við kom í ljós að eiginmaðurinn er alkóhólisti og mjög þunglyndur. Hann er á geðlyfjum en án þeirra liggur hann í rúminu óstarfhæfur. Hann reyndist síðan einnig ofbeldisfullur.

* * *

Kona giftist íslenskum manni sínum eftir stutt kynni í heimalandi sínu. Þau komu síðan hingað. Maðurinn vinnur ekkert að sögn konunnar, er heima alla daga og lætur hana vinna. Hún segist vera í tvennum störfum og nú sé hún orðin örþreytt og komin með verk fyrir hjarta. Hún borgi alla reikninga. Maðurinn grínast með að hann hafi keypt hana, vill ekki að hún eigi vini og meinar henni að hringja heim. Þá segist hann einnig geta sent hana heim þegar honum sýnist.

* * *

Maðurinn kom með konuna sína í Kvænnaathvarfið og skildi hana eftir. Sagði konunni að hann vildi skilja, hann væri orðinn leiður á henni, enda væru þau búin að vera saman í nokkur ár. Hann vissi ekki hvert annað hann gæti farið með hana.

3.3.4 Börnin

Meðalaldur barna sem fylgdu mæðrum sínum í Kvænnaathvarfið er um átta ár, á aldursbilinu sjö mánaða til 13 ára. Alls komu 11 konur í hópi C með 13 börn í dvöl.

Sumar konurnar áttu börn í heimalandi sínu sem þær annað hvort fengu ekki hingað til sín eða þær sendu peninga heim til upphalds og menntunar. Aðrar eiga uppkomin börn sem eru ekki lengur á þeirra framfæri.

Einhverjar konur í hópnum eiga börn af fyrra sambandi sem þær hafa tekið með sér til Íslands. Viðtökur íslensku makanna eru misjafnar. Í einu tilfalli vildi makinn til dæmis ættleiða barn konu sinnar af fyrra hjónabandi. Sumar konur sem eiga barn/börn af fyrra sambandi og annað með ofbeldismanninum segja þá hafa komið illa fram við börnin sem þeir eiga ekki sjálfur, þeir geri upp á milli þeirra. Í einu tilfalli má segja að maðurinn hafi lagt 12 ára barn konu sinnar í einelti og beitt það miklu andlegu ofbeldi.

3.3.5 Dvalar- og atvinnuleyfi

Nokkrar konur í hópi C, eða 12 þeirra, hafa búið í allmörg ár á Íslandi, lengsti dvalartími er 13 ár. Þær hafa hér dvalar- og atvinnuleyfi og sumar hafa fengið íslenskan ríkisborgarétt. Atvinnu stunda 14 konur, sex eru atvinnulausar, einn nemi, ein í barnburðarleyfi og einn öryrki.

Af 23 konum í þessum hópi eiga sex á hættu að verða sendar heim ef þær skilja við íslenska maka sína. Allar vilja þær dvelja áfram á Íslandi vegna betri lífsafkomu hér en í heimalandi þeirra. Þar bíður þeirra ekkert, að þeirra sögn, nema erfiðleikar. Þessar konur eru tilbúnar að leggja mikið á sig til að geta búið á Íslandi. Sumar þeirra reyna ítrekað að halda hjónabandinu gangandi og fara aftur og aftur heim til ofbeldisfullra eiginmanna sem misþyrma þeim og misnota í skugga þess valds sem þeir hafa samkvæmt lögum um dvalar- og atvinnuleyfi útlendinga. „Ég ætla að reyna að þrauka í þrjú ár,“ eru orð einnar konunnar í lauslegri þýðingu rannsakanda en það reyndist ákvörðun nokkurra kvenna í þessum hópi.

3.3.6 Félagsleg tengsl

Þrátt fyrir tilraunir sumra íslensku makanna til að einangra konur sínar virðast flestar konur í þessum hópi eiga einhver félagsleg tengsl í íslensku samfélagi.⁵ Aðeins ein kona í hópnum er nær algerlega félagslega einangruð. Aðrar konur eru fljótur að finna sér vini og kunningja og koma sér upp félagslegu neti.

Konurnar kynnast gjarnan samlöndum sínum, fólki frá nágrannalöndum eða svipuðum menningarheimum. Flestar konurnar eiga íslenskar tengdafjölskyldur. Sumar þeirra láta vel af samskiptum sínum við fjölskyldu makans, segja fjölskylduna

⁵ Í sumum tilvikum urðu þessi félagslegu tengsl til eftir komu í Kvænnaathvarf.

styðja sig á allan máta og standa með sér. Stundum eru það ættingjar maka sem benda þeim á Kvennaathvarfið og þjónustuna sem þar er veitt.

Aðrar hafa ekki jafn góða sögu að segja af tengdafjölskyldum sínum. Í frásögn þeirra kemur fram að komið sé illa fram við þær; konurnar upplifa niðurlægingu í þeim samskiptum og finnst þær notaðar.

3.3.7 Tungumálakunnátta

Konur í þessum hópi geta flestar bjargað sér á ensku. Aðeins tvær konur töluðu ekkert nema sitt eigið tungumál og áttu í erfiðleikum með að gera sig skiljanlegar. Fjórar konur tala mjög góða eða góða íslensku og sumar hinna geta gert sig skiljanlegar.

Tæplega helmingur þessara kvenna, eða 10 þeirra, var í íslenskunámi. Þær sýndu náminu mikinn áhuga og vildu gjarnan læra íslensku fljótt og vel.

Samantekt úr þessum hluta rannsóknarinnar ásamt þeim næsta er að finna í kaflanum Samanburður og samantekt á bls. 56.

4. Niðurstöður – annar hluti

Aðstæður og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvænnaathvarfið

4.1 Vinna og húsnæði

Stór hluti erlendu kvennanna sem leituðu í Kvænnaathvarfið á þeim tíma sem rannsóknin stóð yfir stunduðu vinnu eða voru í fæðingarorlofi. Tuttugu og sex konur af 67 sögðust vera með vinnu, aðeins ein kona sagðist atvinnulaus, ein öryrki, önnur sjúkraskráð og ein stundaði nám. Sextán konur svöruðu ekki spurningunni. Nokkrar konur úr hópi B áttu í erfiðleikum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis og einhverjar konur hröktust úr vinnu vegna eiginmanna sinna sem ásóttu þær á vinnustað og/eða vegna óhróðurs sem þeir komu á framfæri til vinnuveitenda.

Húsnæðisekla og hátt leiguverð ollu konunum erfiðleikum við skilnað enda voru þær flestar í láglaunastörfum og tekjur þeirra dugðu vart fyrir leigu og uppihaldi. Sumar konurnar í hópi A sögðust hafa búið í litlu iðnaðarhúsnæði með manni sínum og stundum fleiri körlum. Þær sáu ekki fram á að geta með góðu móti leigt íbúð á almennum leigumarkaði. Þess vegna dróst dvöl þeirra í Kvænnaathvarfinu í sumum tilfellum á langinn. Sumar þeirra fundu sér herbergi hjá samlöndum eða fengu aðstoð hjá félagsþjónustu, svo sem húsaleigubætur og/eða sérstakar húsaleigubætur. Einhverjar í hópnum sögðu frá fordómum leigusala í garð landa þeirra sem auðveldaði þeim ekki leitina.

Konur í hópi A virtust eiga í meiri erfiðleikum við að finna barnapössun en konur í hópi B. Vinnudagur kvennanna var oft langur, til dæmis fór ein konan klukkan hálf sjö úr húsi á morgnana með tveggja ára gamalt barn sitt með sér og kom heim um kl. níu að kvöldi. Konur í þessum hópi eru með yngstu börnin og í sumum tilvikum höfðu hjónin stílað inn á að vinna vaktavinnu á víxl. Þegar konurnar stóðu uppi einar riðlaðist kerfið og þær lentu í vandræðum. Þá kom samfélagslega netið til sögunnar og þeim tókst yfirleitt að koma börnum sínum fyrir hjá samlöndum sínum sem buðu upp á dagvist. Athygli vakti að mæðurnar virtust sjaldan nýta sér íslenska leikskólakerfið.

Börn kvenna úr hópi B á leikskólaaldri dvöldu hins vegar flest í leikskóla. Mæðurnar voru því bundnari af því að vinna hefðbundinn vinnudag á dagvinnutíma sem aftur á móti gaf minna af sér. Sumar þeirra gripu til þess ráðs að vinna um kvöld og/eða helgar og koma börnunum fyrir hjá vinkonum eða öðrum sem þær gátu leitað

til. Ein konan safnaði til dæmis flöskum í miðbænum um nætur og skildi ungt barn sitt eftir í umsjón eldri systkina þess á meðan.

4.2 Samskipti við opinbera aðila og aðrar stofnanir

Konurnar upplifa sumar bjargar- og varnarleysi gagnvart opinbera kerfinu í íslensku samfélagi, einkum þær sem koma frá löndum utan EES. Þeim finnst þær vera leiksoppar kerfis sem þær oft á tíðum skilja ekki. Sumar eiga til dæmis erfitt með að skilja að íslensk lög leyfi körlum að beita ofbeldi og hrekja konur og börn af heimilum sínum og segja að í heimalandi þeirra yrði karlinn fjarlægður.

Fæstar konurnar hafa efni á að ráða sér lögfræðinga til að sjá um sín mál. Konur í hópum B og C upplifa sig áhrifalausar og að eiginmenn þeirra, Íslendingar eða nýir Íslendingar, hafi tögl og hagldir. Konur úr hópi A nefndu ekki þessa upplifun og ganga má út frá að þær telji sig og maka sína í sömu stöðu, enda bæði útlendingar í landinu.

4.2.1 Alþjóðahús

Talsverður hluti erlendu kvennanna sem leituðu til Kvennaathvarfsins hafði ekki heyrð um Alþjóðahús eða þá þjónustu sem þar er boðið upp á. Flestum þeirra var beint þangað til að nýta sér ókeypis lögfræðiaðstoð vegna dvalar- og atvinnuleyfis eða skilnaðar. Nær allar létu vel af þjónustunni sem Alþjóðahús veitti þeim en vert er að taka fram að túlkar voru til staðar ef þess þurfti. Sumar konur misskildu hlutverk lögfræðingsins sem er eingöngu ráðgefandi og héldu að hann hefði umsjón með þeirra málum. Það olli þeim vonbrigðum að uppgötva að svo væri ekki og hefðu þær gjarnan viljað að sú þjónusta stæði til boða.

Nokkrar dvalarkonur hafa einnig nýtt sér námskeið til aðlögunar íslensku samfélagi sem Alþjóðahús býður upp á og láta vel af.

Þjónusta Alþjóðahúss hefur reynst vel til að hjálpa þeim erlendu konum sem hafa leitað til Kvennaathvarfsins. Lögfræðiráðgjöf og túlkaþjónustu ber þar einna hæst en önnur samvinna hefur einnig gengið mjög vel.

4.2.2 Félagsþjónustan

Margar konur sem leita í Kvennaathvarfið þurfa á þjónustu félagslega kerfisins að halda. Erlendar konur eru þar ekki undanskildar. Af 67 konum nutu 25 einhvers konar félagsþjónustu svo vitað sé. Þar má nefna húsaleigubætur, sérstakar húsaleigubætur, húsnæði og/eða framfærslustyrki auk ráðgjafar. Einnig sendi félagsþjónustan sumar konurnar til dvalar í Kvennaathvarfið. Flestar konur létu vel af þessari þjónustu og voru vandamál flestra þeirra leyst þótt mörgum þeirra hafi þótt biðin eftir úrræðum löng.

Þó voru sumar konurnar ekki sáttar við hvernig tekið var á þeirra málum og hefðu viljað fá meiri og betri stuðning. Þær kvörtuðu undan langri bið eftir tíma hjá félagsráðgjafa og langri dvöl í Kvennaathvarfinu sem fengi á þær og börn þeirra. Einnig ber að nefna að sumar þeirra vilja ekki nýta sér félagsþjónustu, þar sem slík fyrirgreiðsla getur haft neikvæð áhrif á umsókn þeirra um dvalarleyfi en þar er farið fram á að þær geti framfleytt sér.

4.2.3 Fjármálastofnanir

Það er þekkt úr ofbeldissamböndum að karlinn beiti konuna fjárhagslegu ofbeldi (sjá skilgreiningu í upphafi skýrslunnar). Nokkuð er um að eiginmenn kvenna af erlendum uppruna stjórni fjármálum þeirra og í sumum tilvikum misnota þeir konurnar fjárhagslega. Það auðveldar körlunum leikinn að konan þekkir samfélagið ekki vel og skilur oft ekki tungumálið. Þeir geta til dæmis látið leggja laun kvennanna inn á sameiginlegan bankareikning þeirra hjóna eða reikning á nafni konunnar sem þeir einir hafa aðgang að í gegnum heimabanka og debetkort. Einnig má nefna að karlarnir fara með konunum í banka eða annað og þeir segja starfsmönnum hvað konan ætli og/eða vilji gera. Þar sem konan er með manninum gera starfsmennirnir það sem beðið er um en athuga ekki að konan skilur ekki hvað er í raun og veru að gerast vegna tungumálaerfiðleika og/eða þorir ekki að tjá sig um það vegna hræðslu við ofbeldismanninn.

4.2.4 Lögreglan

Konurnar sem þurftu á aðstoð lögreglu að halda bera henni yfirleitt vel söguna. Í mörgum tilfellum hafa konurnar komið í fylgd lögreglu til dvalar í Kvennaathvarfið og eru konurnar yfirleitt þakklátar fyrir þá hjálp. Í sumum tilfellum fylgir lögreglan

konum heim til að ná í börnin sín og/eða persónulegar eigur ásamt nauðsynlegum fötum ef þær koma allslausar í Kvennaathvarfið. Lögreglufólkið bíður þá konunnar úti í bíl fyrir utan heimili hennar eða fylgir þeim að inngangi heimilisins hennar. Sumar nefna að þær vildu gjarnan hafa lögregluþjón með sér inn í íbúðina, í þeim atvikum þegar ofbeldismaðurinn er heima. Í sumum tilfellum hefðu konurnar ekkert á móti því að lögreglan hefði meira vald til að tukta karlana þeirra til eða fjarlægja þá þannig að þær gætu dvalið heima hjá sér með börnin. Upp hafa komið tilfelli þar sem lögregla gengur lengra en skyldan býður við að aðstoða konur í þessum kringumstæðum og eru konurnar undantekningarlaust mjög þakklátar fyrir þann stuðning.

Sumar konurnar fóru til lögreglu til þess að leggja fram kæru gegn makanum vegna ofbeldis. Tengiliður Kvennaathvarfsins innan lögreglunnar (kona) tekur oftast á móti konunum í því ferli, upplýsir þær og aðstoðar og finnst konunum traustvekjandi að geta rætt við hana áður en þær taka ákvörðun um kæru. Þær fá oftast túlk á sínu móðurmáli og það auðveldar þeim annars erfitt ferli. Einhverjar konur höfðu á orði að þær hefðu stundum orðið varar við tortryggni í sinn garð en upp til hópa láta þær vel af viðtökum lögreglunnar.

4.2.5 Neyðarmóttaka

Dæmi eru um að konur komi í gegnum Neyðarmóttöku eða séu sendar þangað eftir komu í Kvennaathvarfið. Túlkar voru til staðar ef þess þurfti og konurnar létu yfirleitt vel af þjónustunni. Starfsmenn Neyðarmóttökunnar veita áfallahjálp ásamt sálfræði- og lögfræðiaðstoð fyrir utan læknisskoðun og líkamlega ummönnun. Ein kona var ósátt við að fá ekki að vita nógu mikið eða fylgjast með kærumáli sem hún lagði fram gegn eiginmanninum vegna kynferðislegs ofbeldis. Hún átti erfitt með að skilja ferlið, biðina og hvað væri að gerast. Að öðru leyti var hún mjög ánægð með þjónustu Neyðarmóttökunnar.

4.2.6 Rauði kross Íslands

Kvennaathvarfið hefur verið í samstarfi við Rauða kross Íslands vegna kvenna af erlendum uppruna. Rauði krossinn hefur komið að málefnum hælisleitenda en einnig hafa aðrar konur notið góðs af. Konur sem standa uppi allslausar við komu í Kvennaathvarfið geta til dæmis fengið aðstoð hjá fatasöfnun Rauða krossins.

Rauði krossinn útvegar sjálfboðaliða til kvennanna. Sú þjónusta hefur komið sér vel til dæmis fyrir mæður en þá hafa sjálfboðaliðarnir tekið börnin og gert eitthvað skemmtilegt með þeim til að hvíla konurnar. Konur sem hafa verið félagslega einangraðar áður en þær komu í Kvennaathvarfið hafa einnig notið góðs af Mentor, sjálfboðaliðastarfi Rauða krossins. Sjálfboðaliðar hjálpa þá konum til að fóta sig í íslensku samfélagi sem sjálfstæðir einstaklingar.

Hjálp við heimanám hefur einnig gagnast stálpuðum börnum sem dvelja í Kvennaathvarfinu.

4.2.7 Sýslumannsembættið

Margar kvennanna áttu erindi til Sýslumannsembættisins í Reykjavík vegna skilnaðar. Konunum fannst erfitt og flókið að eiga samskipti við embættið. Þær þurftu að bíða eftir að mál þeirra væru tekin fyrir. Þeim fannst til dæmis með ólíkindum að ekkert væri hægt að gera þegar menn þeirra mættu ekki í boðuð viðtöl vegna skilnaðar og skildu ekki hvernig það viðgekkst án viðurlaga. Á meðan biðu þær úrræðalausar í Kvennaathvarfinu.

Samskipti kvennanna gengu ekki síst brösulega vegna þess að ólíkt flestum öðrum opinberum stofnunum býður Sýslumannsembættið ekki upp á túlkaþjónustu. Margar konurnar skildu ekki bréfin sem embættið sendi þeim né ferlið framundan. Þær konur sem hvorki tala ensku né íslensku nógu vel lenda í vandræðum. Kostnaðurinn við að ráða túlk er of mikill fyrir þær, enda oftast í láglaunastarfi. Að mæta án túlks hindrar að þær skilji hvað fram fer og gerir jafnvel að verkum í sumum tilfellum að þær viti ekki undir hvaða skjöl þær skrifa.

4.2.8 Útlendingastofnun

Eins og gefur að skilja eiga margar konur af erlendum uppruna samskipti við Útlendingastofnun á meðan á dvöl þeirra í Kvennaathvarfinu stendur. Lögfræðingur Alþjóðahúss styður þær gjarnan í þeim samskiptum. Verksvið stofnunarinnar er þess eðlis að konur upplifa oft beyg við þá hugsun að þurfa að ganga frá sínum málum þar. Pappírsvinnan vex þeim oft í augum, sérstaklega ef þær tala hvorki íslensku né ensku, og þær eiga stundum í erfiðleikum með að útvega þau gögn sem stofnunin fer fram á. Ófá tilvik hafa komið upp þar sem eiginmennirnir halda eftir og/eða fela mikilvæg gögn, svo sem vegabréf kvenna og barna, fæðingarvottorð og þess háttar til að hindra

konur sínar í að sækja um dvalarleyfi á Íslandi en nokkuð algengt virðist vera að karlar vilji senda konurnar heim. Vitað er til þess að eiginmennirnir séu sjálfir í sambandi við Útlendingastofnun til þess að gera konurnar tortryggilegar í augum starfsmanna hennar og reyna þannig að hafa áhrif á veitingu dvalarleyfis.

Konurnar láta misvel af afgreiðslu Útlendingastofnunar á þeirra málum. Sumum fannst starfsfólk stofnunarinnar óbilgjarnt og aðrar segja þá sögu af samskiptum sínum við starfsmenn stofnunarinnar að þeir hafi hvatt þær til að snúa aftur heim til ofbeldismannsins ef þær ætli sér að dvelja áfram á Íslandi, það sé eini möguleiki kvennanna til þess.

4.3 Álag

Rannsóknir sýna að konur sem búa við ofbeldi á heimilum sínum upplifa mikið álag (sjá til dæmis samantekt Ingólfs V. Gíslasonar, 2008). Því er ekki að undra að konur af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið upplifi mikið og margvíslegt álag. Þær búa ekki aðeins við álag vegna ofbeldis á heimili sínu heldur eru þær oft í þeirri aðstöðu að vera einstæðingar í ókunnu samfélagi sem þær skilja ekki hvernig virkar og geta jafnvel ekki gert sig skiljanlegar. Þótt þær eigi kunningja, vini og jafnvel fjölskyldumeðlimi hér á landi hafa þær ekki þann félagslega stuðning sem flestar íslenskar kynsystur þeirra hafa. Í gögnum rannsóknarinnar má sjá að nær allar konurnar kvarta ítrekað undan þreytu sem rekja má til mikils álags.

4.3.1 Tilfinningalegt álag

Viðtöl við erlendu konurnar sýna að þær eru oft undir miklu tilfinningalegu álagi þegar þær koma til dvalar í Kvennaathvarfinu. Mikil átök eiga sér yfirleitt stað á heimilinu áður en þær leita aðstoðar, þær koma eftir harkaleg rifrildi eða líkamleg átök og/eða ofbeldi, oft á tíðum í fylgd lögreglu. Sumar þeirra upplifa aðstæður sínar óraunverulegar og fjarstæðukenndar, jafnvel eins og í bíómynd. Allar þurfa þær að horfast í augu við þá staðreynd að maðurinn sem þær völdu sér er ekki sá sem þær héldu og/eða vonuðu að hann væri og við bætist, fyrir sumar, að draumur um hamingjuríka og bjarta framtíð í betra landi rætist líklega ekki.

Sumar konurnar giftust karlmönnum sem þær hittu á Netinu, í öðrum tilfellum voru það fjölskyldur þeirra sem komu á hjónabandi. Engin kvennanna ræðir áhættuna

sem getur fylgt slíkum samböndum, það er að giftast nær ókunnugum mönnum eftir stutt eða engin kynni. Viðhorf sumra þeirra til slíks hjónabands virðist frekar vera á þann veg að ef þær standi sig, hugsji vel um eiginmenn sína og heimilið muni hjónabandið ganga upp. Því skilja þær ekki hvers vegna mennirnir þeirra beita þær ofbeldi þar sem þær hafi staðið við sitt, haldið heimilinu hreinu, eldað mat og sinnt öllum heimilisstörfum. Þær hafa jafnframt uppfyllt kröfur mannanna varðandi kynlíf upp að því marki sem þær hafa getað sætt sig við og stundum umfram það.

Margar konurnar upplifa mikið tilfinningalegt álag vegna samskipta við eiginmenn sína eftir að þær koma til dvalar í Kvennaathvarfið. Farsíminn er helsta vopn karlanna í því samhengi. Í sumum tilvikum hræða mennirnir konurnar með hótunum um ofbeldi, heimsendingu og sjálfsvíg svo dæmi séu nefnd og/eða þeir lofa bót og betrun snúi þær aftur heim til þeirra. Sumar konurnar eru þannig undir miklum þrýstingi þar sem spilað er á tilfinningar þeirra og samviskusemi til dæmis varðandi umönnun og ábyrgð á manni sínum. Hjónabandið er ekki aðeins í húfi heldur getur ákvörðun þeirra haft afgerandi áhrif á framtíð þeirra og annarra. Réttindi til dvalar og atvinnu í landinu er í óvissu, sem og framtíðin öll, en slíkt eykur tilfinningalegt álag. Og í sumum tilfellum er ekki aðeins um þeirra eigið líf og framtíð að tefla heldur eiga börnin allt sitt undir því hvernig mömmu gengur að vinna úr sínum málum, hvort hún þurfi að snúa heim eða geti haldið áfram að senda peninga heim.

4.3.2 Bjargarleysi

Sumar konurnar eiga erfitt með þá tilhugsun að þurfa að standa á eigin fótum. Uppeldi þeirra hefur ekki búið þær undir þann möguleika í eigin samfélagi hvað þá í ókunnugu landi. Í huga sumra kvennanna er menningarlega óhugsandi að konur geti búið einar og séð um sig sjálfar. Þær eru vanar að aðrir taki ákvarðanirnar í þeirra líffi, einkum karlkyns fjölskyldumeðlimir eða aðrir innan fjölskyldunnar, síðar eiginmaður. Sumar hafa ekki bílpróf og aðrar hafa aldrei átt í samskiptum við fjármálastofnanir, svo dæmi séu tekin. Sú hugsun að yfirgefa manninn, sækja um skilnað og bera ein fjárhagslega ábyrgð á sér og börnunum sínum vex þessum konum í augum og gerir ákvörðun um að yfirgefa ofbeldismanninn enn erfiðari. Stundum er annar eiginmaður að þeirra mati eina leiðin út úr sambandinu.

4.3.3 Einstæðingsskapur

Sumar konurnar upplifa mikinn einstæðingsskap. Þær hafa flust hingað um langan veg og búa í sér framandi og fjarlægum samfélagi. Þær þekkja engan við komuna og í sumum tilvikum viðhalda eiginmenn þeirra því ástandi. Það er auðveldara að stjórna konum og beita þær ofbeldi eigi þær ekkert tengslanet. Konur segja frá því að þær hafi ekki mátt tala við ættingja sína í síma nema í návist karla sinna, sem heftir þær í að tjá sig um aðstæður sínar.

Að rífa sig út úr ofbeldissambandi reynir oft mjög á konur við eðlilegar aðstæður. Það gefur því augaleið að erfiðleikarnir geta margfaldast við þær aðstæður að vera útlendingur í ókunnu samfélagi með lítinn eða jafnvel engan persónulegan stuðning, óvissu um framtíðina og þurfa að eiga samskipti við opinberar stofnanir í ókunnugu kerfi. Þótt konur þekki samlanda sína og umgangist þá upplifa sumar þeirra sig einar eins og eftirfarandi færsla úr dagbók Kvennaathvarfsins sýnir:

Kona er mjög brotin og sorgmædd, hún vill fara í heimsókn næsta sumar til heimalandsins til að átta sig á hlutunum, hana vantar fjölskylduna sína, en konu finnst hún vera mjög ein og grét hún sárt.

Önnur kona segist vera einstæð móðir í ókunnu landi með enga ættingja í kringum sig og að því er virðist enga raunverulega vini þó hún þekki marga. Hún segir vini sína hneykslaða á henni fyrir að hafa verið með þessum „aumingja“ og hafa þar að auki eignast með honum barn. Hann á fjölskyldu hér en hún ekki og hún finnur mikið fyrir einstæðingsskap sínum. Margar kvennanna sakna móður sinnar.

4.3.4 Bið

Bið reynist mörgum kvennanna erfið og eykur álagið sem á þeim hvílir. Margar töluðu um þessa endalaus bið og óvissuna sem henni fylgir. Sumar bíða til dæmis milli vonar og ótta eftir svari frá Útlendingastofnun sem ræður úrslitum um framtíð þeirra. Sú bið er mjög taugatrekkjandi fyrir margar konur og fer illa með þær. Þær sýna álagseinkenni, geta í sumum tilvikum hvorki borðað né sofið. Aðrar bíða jafnvel í marga mánuði eftir að skilnaður gangi í gegn og eftir úrskurði um forsjá. Einnig var biðin eftir félagslegu húsnæði löng á þeim tíma sem rannsóknin stóð yfir. Á meðan á þessari bið stóð fannst sumum konunum þær vera fastar í neyðarathvarfi og hjakka í sama farinu.

4.3.5 Vinnuálag

Til að geta framfleytt sér og börnum sínum þurfa konur sem tóku þátt í rannsókninni oft að vinna langan og strangan vinnudag. Þær eru nær allar í láglauastörfum sem þýðir að þær þurfa að vinna mikið til að ná endum saman. Algengt er að konurnar stundi vaktavinnu og sumar vinna á fleiri en einum vinnustað. Þær leggja snemma af stað að morgni og koma heim seint að kvöldi. Ein kona sem dvaldi í Kvennaathvarfinu var að leita sér að aukavinnu og var tilbúin að vinna allt að fimmtán tíma vaktir. Önnur með stálpað barn á framfæri fór út milli fjögur og fimm á morgnana til að bera út blöð, síðan vann hún allan daginn og um helgar fram á nætur. Það gefur auga leið að börn í þessum aðstæðum þurfa að vera í gæslu eða verða að bjarga sér ein og eldri börnin sitja langtímum fyrir framan sjónvarp og tölvu.

4.3.6 Álag vegna barna

Þegar kona gengur í gegnum erfið tímabil í lífi sínu tekur móðurhlutverkið á. Konur af erlendum uppruna hafa yfirleitt ekki stuðning fjölskyldu sinnar hér á landi. Þær eru því með börn sín allan þann frítíma sem þær hafa og eiga sjaldan eða aldrei frí frá móðurhlutverkinu en margir feðurnir virðast ekki vera virkir í að létta undir með þeim. Ein konan hafði til dæmis á orði að hún hefði ekki fengið frí frá börnunum sínum í þrjú ár þegar sjálfboðaliði frá Rauða krossinum kom einn laugardaginn í Kvennaathvarfið til að fara með börnin í bíó.

Í rannsóknargögnunum kemur skýrt fram að konurnar eru þreyttar og eiga stundum erfitt með að sinna börnunum enda þurfa börn sem hafa búið við eða búa við ofbeldi oft mikla athygli og orku sem mæðurnar eiga ekki til og allra síst eftir erfiðan vinnudag.

4.3.7 Fjárhagslegt álag

Flestar konurnar sem tóku þátt í rannsókninni upplifðu fjárhagslegt óöryggi og álag því fylgjandi. Þær sem unnu áttu erfitt með að framfleyta sér á launum sínum, aðrar lifðu á fæðingarstyrk eða framlagi frá opinberum aðilum sem ekki er hátt miðað við íslenskt verðlag. Nokkrar konur áttu ekkert og höfðu enga möguleika á að afla tekna.

Í nokkrum tilvikum kom upp sú staða að konur höfðu ekki ráð á að snúa heim þótt þær gjarnan vildu. Þær eru oft peningalausar og ferðalagið dýrt. Þær fá yfirleitt lág laun sem stundum fara að hluta til eða öll í vasa eiginmannanna. Flestir þeirra

neita hins vegar að aðstoða konur fjárhagslega til að komast heim jafnvel þótt þeir reyni með kjafti og klóm að koma konunum úr landi. Einnig má nefna að sumar konurnar eru illa staddar fjárhagslega vegna skulda eða fjárhagslegra skuldbindinga sem eiginmenn þeirra hafa stofnað til jafnvel án þeirra vitneskju.

4.3.8 Börnin

Mikið álag er á börn margra þeirra erlendu kvenna sem leita í Kvennaathvarfið. Vinnuálag kvennanna kemur niður á börnunum. Þau yngstu dvelja oft lengi í umsjón dagmömmu eða annarra. Til dæmis má nefna að ein konan lagði af stað til vinnu með tveggja ára barn sitt kl. hálf sjö að morgni og kom í hús kl. níu að kvöldi. Eldri börnin eru hins vegar mikið á eigin vegum á meðan konurnar vinna.

Að flytja í nýtt samfélag er álag fyrir eldri börnin. Þau þurfa að aðlagast samfélaginu, byrja í skóla, læra nýtt tungumál og kynnast nýjum krökkum. Börnin eiga oft betra með að læra tungumál en þeir eldri og lenda stundum í þeirri aðstöðu að sjá um praktísk mál móðurinnar, túlka fyrir hana við ýmsar kringumstæður, svo dæmi séu nefnd. Börnin vita því meira um aðstæður og tilfinningar móðurinnar en æskilegt getur talist í sumum tilvikum. Þau taka þar af leiðandi ábyrgð á móður sinni, hlusta á sögur af ofbeldi og taka þátt í fjárhagsáhyggjum og/eða öðrum áhyggjum móðurinnar.

Sum barnanna sýna einkenni álags af ýmsu tagi. Börnin eru oftast óbein eða bein vitni að ofbeldi karlsins gegn konunni. Sum þeirra eru skelfingu lostin eins og kemur fram hjá einu þriggja ára barni sem grét og lét öllum illum látum þegar móðirin minntist á að fara heim. Annað barn vildi ekki fara í leikskólann vegna þess að það var hrætt um að faðir þess kæmi að sækja það.

Framtíð barnanna er konunum hugleikin. Þótt sumar konurnar hafi hvorki mikinn tíma né orku til að sinna börnum sínum eins vel og þær óskuðu sér er sú fórn í þágu barnanna. Þær eru tilbúnar að leggja ýmislegt á sig ef það kemur börnum þeirra til góða, jafnvel flytja til ofbeldisfullra eiginmanna sinna og reyna að þrauka í fjögur ár þar til þær geta sótt um búsetuleyfi á eigin forsendum. Sumar taka þetta skref algerlega meðvitaðar um hættuna sem þær leggja sig í og vona að þær lifi þessi ár af og hljóti ekki of mikinn skaða af. Þær vilja gefa börnum sínum aukin tækifæri, betra líf og forða þeim frá samfélagslegum vandamálum sem þær höfðu alist upp við, svo sem áfengisvandamál og fíkniefnaneyslu og/eða fátækt og atvinnuleysi. Hugur þeirra stóð einnig til áframhaldandi dvalar hér vegna betri möguleika til mennta fyrir börnin

og af heilsufarsástæðum. Eitt barnið þjáðist af astma og sagði móðirin að loftslagið hér á landi gerði barninu gott. Þess vegna taldi hún betra að þau byggju hér.

4.3.9 Forsjá barna

Börn verða oft bitbein milli foreldra sinna við skilnað. Í ofbeldissamböndum eru forsjárdeilur oft harðvítugar og eiginmennirnir nota börnin óspart sem vopn til að fá konur heim aftur með hótunum um að misþyrma börnunum og/eða taka þau frá móðurinni svo dæmi séu nefnd.

Konur af erlendum uppruna sem dvelja hér á forsendum fjölskyldusameiningar upplifa veika stöðu í íslensku samfélagi þegar kemur að forsjá barnanna. Sumar þeirra trúu eiginmönnum þegar þeir segjast ætla að halda börnunum hér á Íslandi og senda þær sjálfar úr landi. Mennirnir nýta sér þekkingarskort þeirra á íslensku réttarkerfi til að hræða þær til hlýðni.

Í nokkrum tilvikum má segja að konur af erlendum uppruna séu fangar barna sinna á Íslandi. Þær gætu hugsað sér að flytja aftur til síns heimalands en geta það ekki vegna þess að þær deila umgengni og/eða forsjá barna með föður þeirra.

4.3.10 Brotnar brýr

Nær allar konurnar í rannsókninni tóku meðvitaða ákvörðun um að flytja til Íslands. Þekking sumra þeirra á landi og þjóð virðist þó hafa verið takmörkuð eða jafnvel engin í sumum tilfellum. Eitt sem þær allar vissu var að Ísland er eitt af hinum vestrænu velferðarríkjum og þar er lífið auðveldara en í mörgum öðrum löndum.

Konur frá löndum innan EES komu flestar gagnert til að vinna á Íslandi, þær höfðu heyrt að hér væri hörgull á vinnuafli og góð laun í boði. Margar þeirra sem leituðu til Kvennaathvarfsins ætluðu sér að búa áfram á Íslandi þótt hér hefði orðið efnahagslegt hrun. Aðstæður voru enn hagstæðari fyrir þær hér á landi en í heimalöndum þeirra, þótt sú ákvörðun byggði vissulega á persónulegum forsendum hverrar og einnar. Allar höfðu þær möguleika á að snúa heim án vandræða, eini hængurinn sem þær sáu, var atvinnuleysi í heimalandinu og/eða lélegar félagslegar aðstæður, svo sem útbreitt drykkjuvandamál og/eða fíkniefnaneysla.

Konur utan EES-landa voru í annarri stöðu. Sumar þeirra koma um langan veg og oft úr mjög erfiðum aðstæðum. Þær þekkja strit og jafnvel hungur þar sem hver einstaklingur þarf að berjast til að komast af. Þær þrú betra líf. Aðrar konur í þessum

hópi sækjast eftir meira persónulegu frelsi en í heimalandi sínu. Hjónaband með íslenskum manni eða samlanda búsettum á Íslandi getur verið lykill að betra lífi og þess virði að leggja allt í sölurnar og brjóta brýr að baki sér.

Margar konurnar hafa sagt upp vinnu og húsnæði til að flytja til Íslands. Ef þær snúa til baka eru þær óvissar um að fá vinnu aftur. Annað hvort vegna þess að atvinnuleysi er mikið í heimalandi þeirra og/eða þær fái ekki tækifæri á atvinnumarkaði vegna aldurs svo dæmi séu tekin. Þær geta þar af leiðandi hvorki framfleytt sér né börnum sínum þegar heim er komið. Þeirra bíður lítið annað en gatan og fátækt því þær geta ekki lifað endalaust á ættingjum, jafnvel þó þeir séu til staðar. Aðrar hafa lent í útistöðum við fjölskyldu sína vegna þess að þær kusu að giftast manni af erlendum uppruna, t.d. Íslendingi. Sumar brutu gegn hefðum í heimalandi sínu með því að giftast án samþykkis fjölskyldunnar hvort heldur er útlendingum í þeirra samfélagi eða samlöndum sínum. Ef þær koma aftur til heimalandsins, fráskildar, eiga þær á hættu að verða félagslega útskúfaðar og hafa ekki aðgang að þeim félagslegu tengslum sem nauðsynleg eru hverjum einstaklingi, sér í lagi konum, í sumum samfélögum.

Börnin skipta máli fyrir mæðurnar í hópnum þegar kemur að því að snúa heim. Börnin hafa í sumum tilvikum verið rifin upp með rötum úr samfélagi móðurinnar. Þau detta því út úr skólakerfinu í sínu heimalandi. Í frásögn einnar konunnar kom fram að barnið hennar ætti ekki lengur möguleika á að halda áfram í skóla í hennar heimalandi þar sem hún hefði verið búsett tvö ár á Íslandi. Skólakerfin væru svo ólík. Önnur móðir sagði barnið sitt vera komið á eftir ef miðað er við námskerfi á hennar heimaslóðum. Einnig má nefna mæður sem hafa skilið börnin sín eftir og senda þeim peninga frá Íslandi til framfærslu. Unglingspiltur einnar konunnar bjó til dæmis einn í stórri höfuðborg heimalands hennar og var algerlega háður peningasendingum frá henni. „Hvað yrði um hann ef ég gæfist upp?“ spyr hún.

5. Samanburður og samantekt

Bakgrunnur kvennanna í rannsókninni er eins misjafn og þær eru margar. Rannsóknargögnin sýna að landfræðilega og menningarlega skilur ýmislegt þær að en annað eiga þær sameiginlegt.

✘ Greinilegur munur kemur fram í rannsókninni á aðstæðum kvenna eftir uppruna. Þannig eru aðstæður þeirra sem koma frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) á margan hátt ólíkt auðveldari en hinna sem eiga rætur að rekja til þjóða utan EES. Aðild Íslands að EES gerir þeim fyrrnefndu kleift að fá dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi svo framarlega sem þær hafi fundið vinnu. Þær geta sótt um leyfi á eigin forsendum, sem bindur þær ekki við eiginmenn eða sambýlinga. Konur utan EES njóta ekki þessa frelsis. Þær koma yfirleitt hingað til lands sem eiginkonur Íslendinga eða samlanda sinna sem í flestum tilvikum hafa dvalið hér á landi í einhvern tíma og/eða hafa hlotið íslenskan ríkisborgararétt. Dvalar- og atvinnuleyfi þessara kvenna er þannig bundið eiginmanni í fjögur ár sem gefur honum mikið vald.

✘ Fáar konur í hópi A höfðu áhyggjur af dvalar- og atvinnuleyfum hér á landi. Flestar voru í vinnu á tímabilinu sem rannsóknin stóð, enda næga vinnu að hafa mestallan tímann.

✘ Aðstæður kvenna í hópi B sem koma frá löndum utan EES og leita til Kvænnaathvarfsins eru oft mun flóknari og erfiðari en í hópi A. Við giftingu geta íslenskir makar sótt um dvalarleyfi fyrir aðstandendur sem þýðir að dvalarleyfi er háð sambúð með mökum. Til þess að geta sótt um búsetuleyfi á eigin forsendum verður fólk frá löndum utan EES að hafa búið hér á landi í fjögur ár eftir giftingu eða fimm ár ef um skráða sambúð er að ræða.

✘ Konur frá löndum innan EES koma flestar frá löndum sem flokkast sem fyrrum Austantjaldsríki en uppruni kvenna utan EES er fjölbreyttari. Flestar konurnar segjast vera með grunn- og/eða framhaldsskólamenntun. Aðeins 11 af 67 nefna háskólagráðu en þess ber að geta að ekki liggja fyrir upplýsingar varðandi menntun allra kvennanna.

✘ Flestar konur í hópi A eru í vinnu, aðallega láglounastörfum. Þær eru í betri stöðu á vinnumarkaði en kynsystur þeirra í hópi B vegna samninga um frjálst flæði vinnuaflls innan EES. Helmingur kvenna í hópi B stundar vinnu, aðallega láglounastörf, en nokkrar konur í hópnum höfðu ekki atvinnuleyfi hér á landi og áttu þær í erfiðleikum með að framfleyta sér.

✘ Flestar konurnar áttu einhver félagsleg tengsl í íslensku samfélagi. Aðeins fimm eru ekki í þeirri stöðu, þar af eru tvær hælisleitendur. Eins og gefur að skilja eru tengslin mismikil og missterk. Það vekur athygli að í flestum tilvikum virðast konur fljótar að kynnast öðrum útlendingum hér á landi og komast þannig inn í samfélagið. Margar þekkja og umgangast fólk af sama uppruna og þær sjálfar, aðrar velja sér kunningja sem eiga sama tungumál eða koma frá svipuðum slóðum/menningar-samfélögum. Í allmörgum tilvikum eiga konur ættingja hér á landi og/eða tengdafjölskyldu hvort heldur íslenska eða frá sama landi og þær sjálfar.

✘ Á margan hátt eru konur í hópi A best settar. Flestar þeirra eiga stórt félagslegt net af samlöndum sem hjálpast að og standa saman í ókunnu samfélagi. Konurnar í hópi A virðast aðallega umgangast landa sína og hafa lítil samskipti við Íslendinga utan vinnustaða.

✘ Félagsleg tengsl kvenna í hópum B og C eru fjölbreyttari. Þær umgangast oft samlanda eða aðra útlendinga búsetta hér á landi. Íslenskir vinir og tengdafjölskyldur eru meira áberandi meðal þessara hópa en hóps A. Það vakti athygli hversu snöggar sumar konurnar voru að koma sér upp félagslegu neti, þær sem á annað borð kærðu sig um það. Fáum vikum eftir komuna til landsins fylgdu vinkonur sumra þeirra þeim til dvalar í Kvennaathvarfið.

✘ Nokkrar konur minnst á fordóma Íslendinga gagnvart útlendingum og finnst þær hafa orðið fyrir barðinu á þeim í atvinnu- og/eða húsnæðisleit.

✘ Konur af erlendum uppruna giftar Íslendingum hafa misjafna sögu að segja af íslenskum tengdafjölskyldum sínum. Sumar eru miður fallegar. Konurnar segjast verða fyrir fordómum og niðurlægingu, svo virðist sem litið sé á þær sem þjóna eða

óæðri verur. Hins vegar segja konur einnig frá hvernig tengdafjölskyldan stendur með þeim og styður þær gagnvart ofbeldismanninum, hvetji konuna jafnvel til að skilja við hann og hjálpi henni á allan mögulegan máta.

✘ Nágrannar og vinnuveitendur hafa reynst sumum konum af erlendum uppruna vel. Þeir hafa bjargað konunum úr átökum, hringt í lögreglu og/eða komið með þær til dvalar í Kvennaathvarfið.


✘ Tungumálakunnátta kvennanna er misjöfn. Það vekur athygli að færri konur í hópi A geta tjáð sig á öðrum tungumálum en þeirra eigin samanborið við hóp B. Fáar konur í hópi A töluðu ensku og enn færri íslensku. Þær virðast einnig hafa minni áhuga á að læra íslensku en konur í hópi B.

✘ Tungumálakunnátta kvennanna í hópi B er mun betri. Þar eru sumar konur tví- og þrítyngdar. Nokkrar konur geta hvorki gert sig skiljanlegar á ensku, íslensku né öðru tungumáli en þeirra eigin. Flestar töluðu annað hvort íslensku eða ensku, mismunandi vel að vísu. Konur í þessum hópi sýndu íslenskunámi mikinn áhuga og eru sumar í námi.

✘ Tungumálaerfiðleikar settu svip sinn á samskipti starfskvenna Kvennaathvarfsins við sumar konurnar á rannsóknartímabilinu.

✘ Flestar konurnar vilja búa áfram á Íslandi vegna betri lífsgæða og meiri möguleika á atvinnumarkaði en í heimalandi þeirra. Sumar eiga ekki afturkvæmt í eigið samfélag vegna þess að þær hafa brotið gegn gildum og hefðum þess með því að giftast útlendingi eða hafa gifst án samþykkis foreldra. Aðrar segjast hafa sagt upp atvinnu og húsnæði áður en þær komu til Íslands og eygja enga von um atvinnu á ný. Þeirra bíður ekkert nema örbirgð snúi þær aftur.

✘ Meðalaldur kvennanna er svipaður í öllum hópum. Hins vegar eru makar kvenna í hópi A yngstir en íslensku makarnir eru elstir. Meðalaldur hjóna fylgist að í hópi A á meðan aldursbil hjóna fer hækkandi í hópi B og er mest í hópi C þar sem munar 9 árum að meðaltali á milli kvenna og karla. Þar eru konurnar yngstar en karlarnir elstir eins og sjá má á eftirfarandi töflu.



✘ Makaval kvenna í hópi A fylgir öðru mynstri en í hópi B. Þær fyrrnefndu eru flestar giftar samlöndum sínum á meðan hinar eiga oftast maka af öðrum uppruna en þær sjálfar og í þessum hópi eru þær konur sem eru giftar Íslendingum.

✘ Konur í hópi A kynnast yfirleitt mökum sínum í heimalandi sínu og flytjast til Íslands með þeim eftir mislangt hjónaband. Bakgrunnur og menntunarstig hjónanna er yfirleitt svipað.

✘ Hjónabönd kvenna í hópi B og C byggist á menningarlega fjölbreyttum grunni og til sumra þeirra er stofnað með óhefðbundnari hætti en gengur og gerist miðað við íslenskan menningarheim. Þar má til dæmis sjá skipulögð hjónabönd, þar sem fólk af erlendum uppruna búsett á Íslandi leitar sér maka með hjálp fjölskyldu sinnar í heimalandi sínu.

✘ Netið hefur haft áhrif á hjónabandsmarkaði síðastliðin ár. Í starfi Kvennaathvarfsins má merkja vaxandi áhrif þess aðallega hvað varðar samskipti íslenskra karla við konur sem koma frá löndum utan EES, aðallega Afríku og Asíu. Svo virðist sem ákveðinn hópur íslenskra karla nýti sér möguleika Netsins til að finna sér lífsförunaut.

✘ Svo virðist sem einhverjir þessara manna hafi fundið sér konur í gegnum Netid oftast en einu sinni. Í einu tilviki hefur sú staða komið upp að tvær konur af erlendum uppruna hafa leitað í Kvennaathvarfið vegna sama mannsins.

✘ Fleiri erlendar konur sem giftar eru Íslendingum koma frá löndum utan EES en löndum innan þess. Fjögurra ára reglan auðveldar ofbeldismönnum að ráða yfir konum sínum.

✘ Áfengisvandamál maka er áberandi meðal kvenna í hópi A og ofbeldið oftast tengt einhvers konar neyslu að þeirra sögn. Það mynstur má einnig sjá hjá íslensku mökunum en er ekki eins áberandi. Konur þeirra eru hins vegar þær einu sem nefna geðræn vandamál. Atvinnuleysi er meira áberandi meðal Íslendinganna, sem er áhugavert þegar lítið er til þess að mikill hörgull var á vinnuafli mestallt það tímabil sem rannsóknin fór fram

✘ Það vekur athygli að aðeins ein kona í hópnum sagðist eiga við áfengisvanda að stríða, aðrar svöruðu þeirri spurningu neitandi.

✘ Konur í hópi A segja íslenska lögreglu oftast hafa haft afskipti af mökum sínum en konur í hópum B og C. Þær segja einnig frá ofbeldi maka, dómum og kærnum í heimalandi sínu, sem ekki verður vart hjá konum í hinum hópunum.

✘ Í sumum tilfellum vita konur í hópum B og C lítið og jafnvel ekkert um maka sína ólíkt því sem fram kemur í hópi A.

✘ Nær allar konurnar lýsa andlegu ofbeldi. Andlegt ofbeldi makans felst til dæmis í því að stjórna hegðun og gjörðum kvennanna, heimta þjónustu og láta þær sjá um öll heimilisverk þrátt fyrir að þær vinni oft langa og stranga vinnudaga en flestar konurnar vinna erfiða líkamlega vinnu.

✘ Niðurlæging er ein leið karlanna til að stjórna og sýna mátt sinn. Birtingarmynd hennar er margvísleg eins og sést á reynslusögum kvennanna. Maturinn þeirra sé ekki góður, þær fá aðeins að borða þann mat sem af gengur, þeim er sagt að þær séu keyptar, maki þeirra er í sambandi við aðrar konur og svo framvegis.

✘ Makarnir eru óheiðarlegir, ljúga til um hagi sína og bakgrunn, segjast vera aðrir en þeir raunverulega eru, villa á sér heimildir og dylja veikindi eins og til dæmis geðræn

vandamál eða áfengisneyslu meðan á viðkynningu stendur. Konurnar uppgötva síðan við komuna til Íslands hvernig í pottinn er búið.

✘ Karlarnir beita konurnar andlegum þrýstingi með hótunum um sjálfsvíg eða þeir lofa bót og betrun komi þær aftur heim til þeirra.

✘ Algengt er að karlarnir vilji konurnar burt úr landi eftir að þær sækjast eftir sambúðarslitum. Sumir makanna ofsækja konurnar í þeim tilgangi að gera dvöl þeirra óbærilega í íslensku samfélagi. Þeir hafa samband við vinnuveitendur kvennanna til að hrekja konurnar úr vinnu þannig að þær geti ekki séð sér farborða. Þeir taka einnig vegabréf og önnur nauðsynleg gögn, svo sem fæðingarvottorð kvenna og barna, meðal annars til að hindra konuna í að sækja um dvalarleyfi hér á landi.

✘ Einhverjir karlar halda konunum einangruðum á heimilum sínum og leyfa þeim ekki að eiga samskipti við annað fólk eða eignast vini hér á landi. Ef þær uppfylla ekki kröfur karlanna er þeim ógnað á margvíslegan máta eins og með hótunum, vopnum eða líkamlegu ofbeldi, innanstokksmunir eru brotnir og eigur skemmdar.

✘ Meirihluti kvennanna segist hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Sumar eru með áverka við komu en aðrar segjast hafa fengið áverka áður af hendi mannsins. Konur í hópi A segja að áfengisneysla maka þeirra leiði oft til líkamlegs ofbeldis, en það er ekki algild regla. Sumir karlanna beita líkamlegu ofbeldi á fullkomlega meðvitaðan hátt, meðal annars til að „ala upp“ konu sína svo notast sé við lýsingar einnar konunnar úr hópi C. Útskýring hans á ofbeldinu var sú að konan væri eins og barn sem þyrfti að hirta til hlýðni og kenna að hegða sér í íslensku samfélagi.

✘ Konur í hópi A telja sig sjaldan hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun maka. Hins vegar segja fleiri konur í hópi B og C frá slíku ofbeldi. Sumar segja frá nauðgunum og/eða að þær hafi verið þvingaðar til kynlífsathafna sem þær hafi óbeit á og hafi ekki viljað taka þátt í. Það er áhugavert að þessi upplifun einskorðast nær eingöngu við konur sem giftar eru Íslendingum og körlum frá löndum utan EES búsettum á Íslandi. Af frásögn kvennanna má ráða að karlarnir telji að konurnar séu eign þeirra og þeir geti leyft sér að koma fram við þær eins og þeim sýnist og að þeir

eigi rétt á að fá öllum kynferðislegum hugarórum sínum fullnægt. Eiginmennirnir hóta konunum óspart „heimsendingu“ ef þær neita að hlýða.

✠ Sumir eiginmenn misnota konur sínar fjárhagslega. Nokkur dæmi eru um að þeir séu án vinnu, hættir að vinna eða segi upp vinnu sinni þegar konan er komin með vinnu. Þá fara þeir fram á helming launa hennar. Til útskýringar bera sumir því við að konan þurfi að endurgreiða kostnaðinn vegna komu hennar til landsins eða að hér á landi sé þetta fyrirkomulag algilt.

✠ Karlarnir notfæra sér þekkingarleysi kvennanna á íslensku samfélagi, lögum og reglum. Sumar þeirra tala hvorki íslensku, ensku né önnur mál sem skiljast hér á landi. Það auðveldar körlunum að misnota þær og ráða yfir þeim. Þeir sjá um fjármálin sem gerir þeim auðvelt fyrir að láta senda laun kvennanna á sinn eigin bankareikning svo dæmi séu tekin, og/eða fá konuna til að skrifa undir alls kyns pappíra sem hún veit ekkert um. Stundum er þeim sagt að það sé vegna dvalar- og atvinnuleyfis eða vegna annarra mála. Í einu tilviki er vitað til þess að eiginmaður hafi falsað undirskrift konu sinnar á opinber gögn og vitað er til þess einhverjar konur hafi óafvitandi skrifað undir kaupmála.

✠ Makar sumra kvennanna hafa látið þær vinna kauplaust eða nær kauplaust í sína þágu. Í einu tilviki lét eiginmaðurinn konuna skrifa mótttekið á launaseðla fyrir laun sem hún aldrei fékk. Önnur kona gerði sér grein fyrir að sambýlismaður hennar hafði aldrei borgað henni eðlilegt tímakaup fyrir vinnu í fyrirtæki hans, vinnu sem að hennar sögn hélt fyrirtækinu gangandi.

✠ Svo virðist sem einstaka karlar nýti sér meðvitað viðkvæma stöðu kvenna frá löndum utan EES til að misnota þær og beita ofbeldi. Það sé hugsanlega ástæða þess að þeir leiti að konum á Netinu, hvort heldur er á spjallsíðum eða í gegnum miðlara.

✠ Meðalaldur barna er lægstur í hópi A en hæstur í hópi C. Sumar konur í síðarnefnda hópnum eiga börn sem hafa orðið eftir í heimalandi þeirra eða eru jafnvel uppkomin.

✠ Makar sumra mæðranna úr hópi C neita þeim um að fá börnin sín til Íslands. Aðrir hóta konum að senda þær heim en halda börnunum eftir hér á landi.

✠ Sumar konur senda peninga til framfærslu og menntunar barna sinna í heimalandinu. Þannig eru þær háðari eiginmönnum sínum fjárhagslega og það þrýstir á áframhaldandi búsetu hér á landi.

✠ Mikið álag er á börnunum. Þau eru oft vitni að ofbeldi gegn mæðrum sínum. Álag fylgir því að byrja í nýjum skóla, að læra nýtt tungumál og aðlagast nýju samfélagi. Þau taka oft mikla ábyrgð á móðurinni með því að túlka fyrir hana við flest tækifæri. Vinnuálag mæðranna kemur niður á börnunum.

✠ Fæstar konur í hópi A virðast senda börn sín á leikskóla. Þær nýta sér tengslanetið og láta börnin dvelja hjá dagmæðrum af sama uppruna og þær sjálfar. Vistin er oft lengri en almennt tíðkast hér á landi. Börn kvenna úr hópi B fara hins vegar frekar í leikskóla.

✠ Mikið og margvíslegt álag hvílir á konunum, enda kvarta þær flestar undan þreytu við komu í Kvennaathvarfið. Í fyrsta lagi má nefna álag vegna ofbeldisins sem þær búa við. Einnig má telja vinnuálag, tilfinningalegt álag og álag vegna ummönnunar barna og forsjá yfir þeim. Síðast en ekki síst er það biðin sem leggst þungt á konurnar. Bið eftir að fá að vita hvern endi mál þeirra fá en framtíð þeirra og barnanna, þegar það á við, er í húfi. Fjárhagslegt álag og áhyggjur íþyngja þeim einnig.

✠ Það er erfitt að vera einstæðingur í ókunnu eða nýju samfélagi. Konurnar af erlendum uppruna sem dvelja í Kvennaathvarfinu finna fyrir því.

✠ Menningarlegur bakgrunnur sumra kvennanna gerir að verkum að þær eiga erfitt með að horfast í augu við þá tilhugsun að búa einar og taka ábyrgð á lífi sínu og framfærslu.

✠ Niðurstöðum um aðstæður og upplifun kvennanna sem eiga íslenska maka svipar mjög til þeirra sem koma fram í dönsku og norsku rannsókninni sem kynntar eru í upphafi skýrslunnar.

6. Hvað má bæta og hverju er hægt að breyta?

Það er oft auðvelt að gagnrýna en erfiðara að finna úrlausnir. Hér eru settar fram til umræðu hugmyndir sem kviknuðu þegar unnið var að rannsókninni. Í þeirri umræðu ber að hafa í huga að lög og reglugerðir eru sköpunarverk manna og endurspegla þau gildi sem meðlimir hvers samfélags vilja hafa að leiðarljósi.

◆ Nýta nýtt ákvæði í lögum sem tekur á aðstæðum kvenna í ofbeldissamböndum (sjá bls. 29). Hugsanlega væri hægt að létta sönnunarbyrði í slíkum málum, þar sem margar konur af erlendum uppruna vita ekki af þeim möguleika að fá áverkavottorð máli sínu til stuðnings eða eru í þeirri aðstöðu að komast ekki til þess.

◆ Veita konum fræðslu við komuna til landsins sem gæti verið bundin við afhendingu dvalarleyfis. Þar væru þær fræddar til dæmis um réttindi kvenna á Íslandi, þjónustu lögreglu er varðar heimilisofbeldi, tilurð og hlutverk Alþjóðahúss og Kvennaathvarfs. Einnig er hægt að benda á þjónustu Neyðarmóttöku og mikilvægi þess að fá áverkavottorð.

◆ Koma í veg fyrir að sömu karlar geti margsinnis gifst konum af erlendum uppruna og beitt þær ofbeldi þó að það komi niður á persónufrelsi karlanna. Hagsmuni hverra viljum við vernda og hvernig?

◆ Endurskoða útlendingalögin. Er hægt að gera betur? Athuga með fjögurra ára regluna.

◆ Væri möguleiki að endurskoða hjúskaparlögin? Skoða til dæmis hvort hægt sé að tryggja nauðsynleg réttindi kvennanna með öðrum lausnum en giftingu á meðan einstaklingar eru að kynnast. Þannig fengi fólk ákveðinn reynslutíma án þeirra skuldbindinga sem fylgja giftingu. Það gæti hugsanlega forðað einhverjum konum frá því að lenda í hjónaböndum með ofbeldismanni. Einnig gæti það komið í veg fyrir að þær yrðu ábyrgar, við giftingu, fyrir skuldum sem þær vita ekkert um. Í lok reynslutímabilsins, við giftingu eða umsókn dvalarleyfis, væri hugsanlega hægt að fara fram á að fólk legði fram „fjárhagslegt“ vottorð líkt því sem kveðið er á um í 13. gr. III. kafla hjúskaparlaga – vottorð þess efnis að könnun hafi átt sér stað á

hjónavígsluskilyrðum (Hjúskaparlög, 1993 nr. 31). Nú þegar hafa ýmsar stofnanir aðgang að slíkum upplýsingum, svo sem vanskilaskrá.

◆ Auka fjárhagslega ábyrgð þeirra sem sækja um dvalarleyfi fyrir maka af erlendum uppruna. Til dæmis mætti gera fólki að sýna fram á fjárhagslegt sjálfstæði og hæfni til framfærslu þegar þeir sækja um dvalarleyfi fyrir tilvonandi maka. Við skilnað, eða sambúðarslit, beri þeir ábyrgð á að aðstoða maka til að koma sér fyrir hér á landi, óski þeir þess, eða hjálpi þeim að flytja heim aftur. Ef ekki, gæti ríki eða sveitafélög átt endurkröfurétt vegna kostnaðar.

◆ Fræðsla almennings og meiri umræða varðandi netsambönd.

◆ Flýtimeðferð hjá Útlendingastofnun varðandi afgreiðslu dvalarleyfa á breyttum forsendum.

◆ Styttu biðtíma hjá opinberum stofnunum fyrir konur af erlendum uppruna, sérstaklega þær sem koma frá löndum utan EES.

◆ Gera konum kleift að sjá fyrir sér á meðan þær bíða úrvinnslu sinna mála með tímabundnu atvinnuleyfi.

◆ Sýslumannsembætti bjóði upp á túlkapjónustu og hugsanlega flýtimeðferð í skilnaðarmálum kvenna af erlendum uppruna.

◆ Fræðsla í bönkum og fjármálastofnunum um stöðu kvenna af erlendum uppruna til þess að koma í veg fyrir að makar þeirra geti misnotað þær fjárhagslega. Hugsanlega nýjar verklagsreglur.

◆ Auka utanumhald, bjóða til dæmis niðurgreidda lögfræðilega aðstoð, hugsanlega væri hægt að útnefna umboðsmann kvenna af erlendum uppruna eða kvenna almennt sem búa eða hafa búið við ofbeldi.

◆ Fræðsla fyrir allan almenning, nágranna og vinnuveitendur til að auka skilning á aðstöðu kvenna af erlendum uppruna sem búa við ofbeldi í íslensku samfélagi, láta sig varða líf nágrannakonu sinnar, samstarfskonu eða starfskrafts síns.

7. Lokaorð

Kynbundið ofbeldi er erfitt að uppræta. Margir sigrar hafa unnist á Íslandi eftir áratuga baráttu en segja má að eitt helsta vopn í baráttunni gegn ofbeldinu sé að svipta af því huliðshjúpnunum. Er það meðal annars gert með opinskárrri umræðu og rannsóknum. Ósk okkar er að þessi rannsókn leggi þar lóð á vogarskálarnar.

Allar konur geta orðið fyrir kynbundnu ofbeldi. Rannsóknir sýna að þættir eins og stétt, staða eða menntun skipta þar ekki máli. Hins vegar má segja að sumir hópar kvenna séu líklegri en aðrir til að lenda í þessum aðstæðum og eiga erfiðara með að komast úr ofbeldissamböndum. Þar má nefna til dæmis konur sem hafa brotna sjálfmynd sem rekja má til ýmissa þátta, svo sem erfiðrar æsku, misnotkunar eða nauðgunar. Aðrir hópar geta lent í áhættu vegna utanaðkomandi aðstæðna. Segja má að konurnar frá löndum utan EES sem fjallað er um í þessari rannsókn falli undir þá skilgreiningu. Lagaleg staða þeirra í íslensku samfélagi er í mörgum tilvikum viðkvæm og dvöl fyrstu árin ræðst af sambandi við ofbeldismann, en hafa verður í huga að sumir þeirra virðast vísvitandi tilbúnir að nýta sér varnarleysi þessara kvenna til þess að eiga auðveldara með að komast upp með ofbeldi og misnotkun gegn þeim.

Velferð hvers einstaklings liggur í hans höndum. Við berum fyrst og fremst ábyrgð á okkur sjálfum og okkar nánustu en við megum ekki gleyma að við berum einnig ábyrgð á öðrum meðlimum samfélagsins sem við búum í. Mikil ábyrgð fylgir því að velja sér lífsförunaut, ekki síst ef hann kemur langt að og þarf að slíta upp rætur í sínu samfélagi til að setjast hér að. Samfélagsleg ábyrgð okkar allra gerir það að verkum að við verðum að vera vakandi og muna að ekkert réttlætir misnotkun og ofbeldi gegn konum.

Heimildaskrá

Bogdan, R. Og Sari K. Biklen. 1998 [1982]. *Qualitative Research for Education: an Introduction to Theories and Methods*. Boston: A and B.

Hjúskaparlög 1993 nr. 31 14 apríl.

Sótt 20. október 2009 af <http://www.althingi.is/lagas/136b/2002096.html>.

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

LOKK (Landsorganisation af kvindekrisecentre). (2003). *When dreams and hopes turn into nightmares: A report on violence committed by Danish men against foreign women and children*. Vefslóð: www.lokk.dk

Lög um útlendinga 2002 nr. 96 15. maí.

Sótt 7. ágúst 2009 af <http://www.althingi.is/lagas/136b/2002096.html>.

Margrét Steinarsdóttir (munnleg heimild, 5 október 2009).

Samtök um kvennaathvarf. (e.d.). *Börn sem búa við ofbeldi á heimilum*. Bæklingur.

Smaadahl, T., Hernes, H. og Langberg, L. (2002). *Drømmen om det gode liv: en rapport om utenlandske kvinner, gift med norske menn, som måtte søke tilflukt på krisesentrene i 2001*. Oslo: Krisesenter sekretariatet.